



Borgarráð

Endurskoðuð uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk

Lagt er til að borgarráð samþykki endurskoðaða uppbyggingaráætlun til viðbótar gildandi áætlun frá 2017.

Um er að ræða áframhald af því uppbyggingarátaki sem staðið hefur undanfarin ár. Alls eru þetta 20 íbúðakjarnar með 120 búðum og tveimur færanlegum húsnæðisteymum sem myndu veita 48 einstaklingum stuðning. Í heildina er lagt til uppbyggingu á 168 íbúðum sem Félagsbústöðum yrði falið að útvega. Ennfremur þarf að gera ráð fyrir starfsmannaaðstöðu í hverjum kjarna og tveimur starfsstöðum fyrir færanlegu teymin.

Heildar kostnaður til ársins 2028 er metinn á 3.688 m.kr. á verðlagi ársins 2022 með stofnkostnaði. Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa endurskoðaðri uppbyggingaráætlun til gerðar fjárhagsáætlunar og fjárfestingaráætlunar. Aukinheldur verði við framvindu og fjármögnun áætlunarinnar tekið mið af fyrirhuguðum samningaviðræðum við íslenska ríkið um fjármögnun málaflöksins í heild sinni. Viðbótaráætlunin gildi til 2028 en verði endurskoðuð árlega og borgarráð og velferðarráð upplýst um stöðu verkefnisins með hliðsjón af biðlistum og árangri Félagsbústaða við að útvega húsnæði fyrir fatlað fólk.

Greinargerð:

Skipan starfshóps og skilgreiningar húsnæðis

Með erindisbréfi, dags. 28. mars 2022, skipaði borgarstjóri starfshóp um endurskoðun á uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk en samkvæmt lögum ber Reykjavíkurborg að tryggja fötluðu fólki viðeigandi húsnæði. Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar nr. 370/2016 um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 39/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þar er um að ræða íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skiptir húsnæði fyrir fatlað fólk í:

- a. **Sértækt húsnæði** er ætlað fötluðu fólki sem er ekki á annan hátt fært um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þarf umfangsmikla aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.
- b. **Húsnæði með stuðningi** er ætlað fólki sem ekki er á annan hátt fært um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þarf nokkurn stuðning við að geta búið á eigin heimili.



Þróun húsnæðisuppbyggingar fyrir fatlað fólk frá árinu 2011

Árið 2011 þegar sveitarfélög tóku við málaflokki fatlaðs fólks frá ríkinu bjuggu 219 einstaklingar í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk í Reykjavík. Í lok árs 2016 voru 310 íbúar í húsnæði fyrir fatlað fólk í Reykjavík en það er ári áður en uppbyggingaráætlunin var samþykkt. Í lok árs 2021 voru 489 íbúar í húsnæði fyrir fatlað fólk í Reykjavík, þar af 133 íbúar í húsnæði með stuðningi.

Á tímabilinu 2015 til 2016 fengu 29 fatlaðir einstaklingar úthlutað húsnæði. Eftir að uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk var samþykkt árið 2017 þá hafa 170 einstaklingar fengið úthlutað húsnæði á tímabilinu 2017 til 2021. Mesti fjöldi nýrra úthlutana á einu ári frá yfirfærslu málaflokksins árið 2011 var árið 2021 en þá var 55 einstaklingum úthlutað húsnæði fyrir fatlað fólk.

Þrátt fyrir öfluga uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk á umliðnum árum eru í apríl árið 2022 136 einstaklingar með fötlun á bið eftir húsnæði við hæfi. Af þessum einstaklingum eiga 25 manns lögheimili utan Reykjavíkur. Aðstæður þessara einstaklinga eru mismunandi en allir eru þeir í þörf fyrir húsnæði og stuðning.

Niðurstaða

Eftir endurskoðun á uppbyggingaráætlun út frá biðlistum, boð um annars konar búsetu og húsnæði í eigu þriðja aðila leggur starfshópurinn til að Félagsbústöðum hf. verði falið að útvega 168 íbúðir auk starfsmannaaðstöðu. Í heildina er um að ræða 20 íbúðakjarna með 120 íbúðum og 2 færanleg teymi sem veita stuðning í 48 íbúðir. Lagt er til að árlega muni velferðarsvið endurskoða áætlunina og upplýsa borgarráð/velferðarráð um gang hennar. Það myndi gefa velferðarsviði tækifæri til að bregðast við ófyrirséðum breytingum sem geta orðið á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk.

Auk þess leggur starfshópurinn til að stofnaður verði samstarfshópur velferðarsviðs, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Félagsbústaða hf. sem yrði vettvangur til að ákvarða staðsetningu húsnæðis fyrir fatlað fólk í borginni og skilgreina byggingarreiti. Slíkt húsnæði þarf enda að vera í öllum hverfum borgarinnar þar sem uppbygging mun eiga sér stað, sbr. sjónarmið um að við borgarþróun skuli taka mið af margbreytileika í íbúðasamsetningu. Sú hugmyndafræði byggir aftur á kenningum um félagsauð og gildi hans í samfélögum.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk
Endurskoðuð uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk: Greinargerð ásamt tillögum starfshóps
Húsnæði fyrir fatlað fólk: Kynning á starfi og tillögum starfshópsins
Fundargerðir starfshópsins
Umsögn sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs til borgarráðs dags. 9. ágúst 2022 um
endurskoðaða uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk



ERINDISBRÉF

Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk

Ábyrgðarmaður:
Borgarstjóri.

Inngangur:

Frá árinu 2014 hafa 224 einstaklingar fengið úthlutað húsnæði fyrir fatlað fólk. Eftir að uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk var samþykkt árið 2017 hafa 135 einstaklingar fengið úthlutun. Um er að ræða stærsta uppbyggingaráttak í málaflokksnum frá upphafi. Árið 2020 var 47 einstaklingum úthlutað húsnæði fyrir fatlað fólk og er það mesti fjöldi úthlutana á einu ári frá yfirfærslu málaflokksins árið 2011.

Ljóst er að framlög ríkisins vegna málaflokks fatlaðs fólks mæta ekki þeim fjármunum sem Reykjavíkurborg setur til hans á grundvelli laga. Þrátt fyrir öfluga uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk á umliðnum árum eru enn 135 einstaklingar sem bíða eftir húsnæði við hæfi, þar af 25 manns með lögheimili annarsstaðar en í Reykjavík. Aðstæður þessara einstaklinga eru mismunandi en allir eru þeir í þörf fyrir húsnæði og stuðning.

Á fundi borgarráðs þann 25. nóvember 2021 var samþykkt tillaga borgarstjóra þess efnis að velferðarsvið og umhverfis- og skipulagssvið hefji endurskoðun á uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk til 2030 sem samþykkt var árið 2017 með það að markmiði að fjölga húsnæðismöguleikum fyrir fatlað fólk til að mæta auknum fjölda einstaklinga á bið.

Hlutverk og vinnufyrirkomulag:

Í vinnu við endurskoðaða uppbyggingaráætlun fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk er gert ráð fyrir að velferðarsvið leggi mat á þörf fyrir mismunandi húsnæði og leggi til forgangsörðun þeirra. Eðlilegt er að miða við að einstaklinga sem þurfa aðra og meiri þjónustu en unnt er að veita utan húsnæðis fyrir fatlað fólk verði í forgangi. Gert er að ráð fyrir að umhverfis- og skipulagssvið geri tillögur að staðsetningu húsnæðisins og eftir atvikum lóða fyrir það á grundvelli dreifingar núverandi og framtíðar húsnæðis fyrir fatlað fólk með það að markmiði að stuðla að félagslegri blöndun um alla borg.

Helstu verkefni:

- Samantekt um lagalegt umhverfi húsnæðis fyrir fatlað fólk.
- Leggja mat á þörf fyrir mismunandi húsnæði og forgangsörðun.
- Tillaga að endurskoðaðri uppbyggingaráætlun á sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk sem gildi til 2030 sem liggja til grundvallar við endurskoðun á gildandi húsnæðisáætlun, ásamt fjárhags- og fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar.
- Gerð tillagna að staðsetningu húsnæðis og eftir atvikum lóða fyrir það á grundvelli dreifingar núverandi og framtíðar húsnæðis fyrir fatlað fólk með það að markmiði að stuðla að félagslegri blöndun um alla borg.
- Frumkostnaðarmat út frá þjónustupáttum húsnæðisins.
- Áætlaður rekstrarkostnaður á húsnæði fyrir fatlað fólk.



Starfshópurinn skipa:

Ólafía Magnea Hinriksdóttir, deildarstjóri (VEL), formaður
Ricardo Villalobos, deildarstjóri (VEL)
Grétar Örn Jóhannsson, Félagsbústöðum
Hrafnhildur Sverrisdóttir, verkefnastjóri (USK)
Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri (USK)

Starfsmaður:

Hilmar Hildar Magnúsarson, verkefnastjóri (SBB)

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu. Hópurinn hittir helstu hagsmunaaðila og fer yfir áherslur þeirra í uppbyggingu húsnæðis fyrir faltað fólk.

Starfstímabil:

Starfshópurinn starfi frá 28. mars til 1. maí 2022 og skili tillögum til borgarráðs við lok starfstímabilsins.

Reykjavík, 8. apríl 2022

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

**Endurskoðuð
uppbyggingaráætlun
húsnæðis fyrir fatlað fólk
í Reykjavík**

Ágúst 2022

Efnisyfirlit

1. Skipan starfshóps, tilgangur, niðurstöður og tillögur	3
2. Samantekt á lagalegu umhverfi húsnæðis fyrir fatlað fólk	4
3. Yfirlit uppbyggingar á húsnæði fatlaðs fólks í Reykjavík frá 2011	5
4. Aðrar aðgerðir sem varða uppbyggingaráætlunina	8
5. Húsnæði fyrir fatlað fólk – þróun mála og staða þeirra 2022	9
6. Húsgerðir	12
7. Endurskoðuð uppbyggingaráætlun frá 2017	14
8. Nánari útfærsla á rekstri færanlegra teyma og íbúðakjarna	14
9. Uppbygging húsnæðis fyrir fatlað fólk – tímalína	19
10. Niðurstaða starfshóps	

1 Skipan starfshóps, tilgangur, niðurstöður og tillögur

Með erindisbréfi þann 28. mars 2022 skipaði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri starfshóp um endurskoðun á uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk.

Helstu verkefni:

- Taka saman yfirlit um lagalegt umhverfi húsnæðis fyrir fatlað fólk.
- Leggja mat á þörf fyrir mismunandi húsnæði og forgangsörðun.
- Gera tillögu að endurskoðaðri uppbyggingaráætlun um sértæk húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk sem gildi til 2030 og sem liggi til grundvallar við endurskoðun á gildandi húsnæðisáætlun, ásamt fjárhags- og fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar.
- Gera tillögu að staðsetningu húsnæðis og eftir atvikum byggingarlóða á grundvelli dreifingar núverandi og framtíðar húsnæðis fyrir fatlað fólk með það að markmiði að stuðla að félagslegri blöndun um alla borg.
- Gera frumkostnaðarmat út frá þjónustuþáttum húsnæðisins.
- Áætla rekstrarkostnað á húsnæði fyrir fatlað fólk.

Lagt er til að samþykkt verði endurskoðuð uppbyggingaráætlun til viðbótar gildandi áætlun sem var samþykkt árið 2017. Þessi viðbótaráætlun nái til ársins 2026 en verði endurskoðuð árlega og borgarráð/velferðarráð upplýst um stöðu verkefnisins með hliðsjón af biðlistum og árangri Félagsbústaða við að útvega húsnæði fyrir fatlað fólk.

Um er að ræða 20 íbúðakjarna með 120 búðum og tveimur færanlegum húsnæðisteymum sem myndu veita 48 einstaklingum stuðning. Í heildina felur viðbótin í sér uppbyggingu á 168 íbúðum sem Félagsbústöðum yrði falið að útvega. Ennfremur þarf að gera ráð fyrir starfsmannaaðstöðu í hverjum kjarna og tveimur starfsstöðum fyrir færanlegu teymin. Heildar kostnaður til ársins 2028 er metinn á 3.688 m.kr. á verðlagi ársins 2022 með stofnkostnaði.

2 Samantekt á lagalegu umhverfi húsnæðis fyrir fatlað fólk

Lögum samkvæmt ber Reykjavíkurborg að tryggja fötluðu fólki framboð af viðeigandi húsnæði en þau lög og reglugerðir sem eiga við um húsnæði fyrir fatlað fólk eru:

- Lög um félagsþjónustu sveitafélaga nr. 40/1991
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018
- Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054 / 2010 með síðari breytingum.
- Reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370 /2016 með síðari breytingum.
- Reglugerð um biðlista, forgangsöröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu nr.1035/2018

Árið 2013 setti Reykjavíkurborg sér stefnu í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum sem gildir til ársins 2024. Eitt af leiðarljósum stefnunnar er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem er alþjóðlegur milliríkjasamningur með það markmið að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra.

Nýjar reglur um félagslegt leiguhúsnæði í Reykjavík tóku gildi þann 1. júní 2019. Með félagslegu leiguhúsnæði er átt við:

- Almennt félagslegt leiguhúsnæði
- Húsnæði fyrir fatlað fólk
- Húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustubarfir
- Þjónustuþibúðir aldraðra.

Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Sem er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks.

Húsnæði fyrir fatlað fólk skiptist í:

- a) **Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk**
Ætlað því fólki sem ekki er á annan hátt fært um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þarf umfangsmikla aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.
- b) **Húsnæði með stuðningi**
Ætlað því fólki sem ekki er á annan hátt fært um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þarf nokkurn stuðning við að geta búið á eigin heimili.

3 Yfirlit uppbyggingar á húsnæði fatlaðs fólks í Reykjavík frá 2011

3.1 Forsaga

Hér að aftan er farið yfir alla þá uppbyggingu í húsnæðismálum fatlaðs fólks sem orðið hefur í Reykjavík frá yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga í upphafi árs 2011. Tilgreint er allt það húsnæði sem samþykkt hefur verið til kaups eða byggingar frá árinu 2012.

3.2 Uppbygging samþykkt árið 2012

Árið 2012 samþykkti velferðarráð kaup á 32 stökum íbúðum fyrir einstaklinga með geðfötlun. Alls hafa 32 íbúðir af samþykktum 32 íbúðum verið úthlutað til einstaklinga með geðfötlun.

Íbúðir	Fjöldi íbúða
Húsnæði með stuðningi	32 af 32

3.3 Uppbygging samþykkt árið 2014

Þriggja til fimm ára uppbyggingaráætlun velferðarsviðs í sértækum húsnæðisúrræðum, húsnæðis fyrir fatlað fólk, var samþykkt í velferðarráði og borgarráði í apríl 2014 og með breytingum samþykktum í velferðarráði 18. desember 2014.

Íbúðakjarninn	Þjónustuflokkur	Fjöldi íbúða	Opnun
Þorláksgæisli 2 - 4	Þroski Þ-IV	5 af 5	2016
Austurbrún 6 a	Þroski Þ-III	6 af 6	2018
Kambavað 5	Þroski Þ-III	6 af 6	2018
Þingvað	Heimili fyrir börn	4 af 4 herbergi	2016

Alls hefur 21 íbúð af samþykktum 21 íbúðum verið úthlutað.

3.4 Uppbygging samþykkt árið 2015

Í nóvember 2015 var undirritaður samningur á milli geðsviðs Landspítala og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um samstarfsverkefni Laugaráss meðferðargeðdeildar og íbúðakjarnans að Austurbrún 6. Um er að ræða tilraunaverkefni fyrir tvo til þrjá einstaklinga með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Markmið með verkefninu er að auka líkur á að þátttakendur í geti búið í sjálfstæðri búsetu í framtíðinni. Þann 5. desember 2017 var undirritaður samningur um áframhaldandi samstarfsverkefni milli geðsviðs og velferðarsviðs. Um er að ræða verkefni sem fellur undir húsnæði með stuðningi.

3.5 Uppbygging samþykkt árið 2016

Í apríl 2016 var samþykkt í velferðarráði og borgarráði viðbót við fyrri samþykktir „Neyðaráætlun - þrír nýir íbúðakjarnar á árunum 2016 – 2017“, þar af eitt bráðabirgðahúsnæði.

Íbúðakjarni	Þjónustuflokkur	Fjöldi íbúða	Tímaáætlun
Austurvað *	Þroski Þ-III	4 af 4	2017 – lokað 2018
Árland 10	Þroski Þ-IV	6 af 6	2022
Einholt 6	Þroski Þ-II	6 af 6	2018

*Tímabundin búseta þar til að Austurbrún og Kambavað opnuðu.

Alls hefur 12 íbúðum af 12 verið úthlutað.

3.6 Uppbygging samþykkt árið 2017

Á fundi velferðarráðs þann 22. júní 2017 var samþykkt „Uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða 2018 – 2030 fyrir fatlaða einstaklinga“ og þann 24. ágúst 2017 var hún samþykkt í borgarráði. Uppbyggingaráætlunin er byggð á húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2014 – 2023. Í heildina er um að ræða alls 157 – 183 íbúðir. Alls hefur verið úthlutað í 133 af 157 – 183 íbúðum.

Um er að ræða áfangaskipta áætlun í þremur áföngum:

- Áfangi I (2018 - 2020) gerir ráð fyrir 80 – 90 íbúðum.
- Áfangi II (2021-2025) 42 – 50 íbúðir.
- Áfangi III (2026 – 2030) 35 – 43 íbúðir.

Velferðarráð samþykkti eftirfarandi breytingu á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis í desember 2018:

- Að áfangaheimili með stuðningi, þjálfun og kennslu fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir í þjónustuflokki I, sem gert er ráð fyrir í áfanga I verði breytt í íbúðakjarna í þjónustuflokki I.
- Að íbúðakjarni fyrir einstaklinga með geðfötlun og fíknivanda í þjónustuflokki III, sem gert er ráð fyrir í áfanga III, verði færður í áfanga I.

Áfangi I (2018 – 2020) 81 – 91 íbúðir

Komnar eru 87 íbúðir í þessum áfanga.

Íbúðakjarni	Þjónustuf.	Fjöldi íbúða	Tímaáætlun
Hagasel 23	Þroski Þ-II	7 af 7	2022
Móavegur 10	Þroski Þ-I	5 af 5	2019
Hringbraut 79*	Geð Þ-III	7 af 7	2019
Keilugrandi **	Þroski Þ-I	6 af 6	2020
Rökkvatjörn	Þroski Þ-II	6 af 6	2022
Húsnæði með stuðningi	Geð og þroski	44 af 44***	2018-20
Húsnæði með stuðningi ****	Geð og þroski	14 af 12 – 20	2018-20

* Íbúðakjarni fluttur úr áfanga III

** Áfangaheimili breytt í íbúðakjarna

**** Áður utankjarna

Áfangi II (2021- 2025) það eru 42

50 íbúðir. Komnar eru 33 íbúðir í þessum áfanga.

Íbúðakjarninn	Þjónustuf.	Fjöldi íbúða	Tímaáætlun
Vesturgata 67	Þroski Þ-II	6 af 6	2023
Háteigsvegur 59	Þroski Þ-II	0 af 6	2023
Árskógar	Þroski Þ-II	6 af 6	2021
Vantar lóð	Þroski Þ-III	0 af 6	2023
Ellidabraut	Þroski Þ-I	6 af 6	2021
Húsnæði með stuðning ****	Geð og þroski	15 af 12 – 20	2021 - 2025

**** Áður utan kjarna

Áfangi III (2026 - 2030) það eru 35

43 íbúðir. Komnar eru 11 íbúðir í þessum áfanga.

Íbúðakjarninn	Þjónustuf.	Fjöldi íbúða	Tímaáætlun
Hraunbær 153	Geð Þ-I-II	6 af 6	2021
Vantar lóð	Þroski Þ-IV	0 af 6	2027
Laugarvegur 67a	Geð Þ-III	5 af 5	2021
Húsnæði með stuðning****	Geð og þroski	0 af 12 – 20	2026 - 2030

**** Áður utankjarna

Eftir er að úthluta í 3 íbúðakjarna með 18 íbúðum og 7 til 31 íbúð í húsnæði með stuðningi.

4 Aðrar aðgerðir sem varða uppbyggingaráætlunina

a. Liðsaukinn – færanlegt teymi

Borgarráð samþykkti árið 2018 aukningu á þjónustu „Liðsaukans færanlegs teymis“ frá því að veita stuðning til 6 einstaklinga í það að veita stuðning til 18 einstaklinga. Einnig samþykkti borgarráð að veita aukinn stuðning á herbergjasambýlið Miklubraut 20 og í íbúðakjarnann Hringbraut 79.

Liðsaukinn	Fjöldi	Árið
Stakar íbúðir	12 af 12 *	2019 - 2020

* Í stuðningi voru áður 6 og verður heildarfjöldi því 18.

Alls hefur 12 af 12 íbúðum verið úthlutað.

b. Nýtt húsnæði fyrir Byggðarenda 6 og Jöklasel 2

Vegna mjög flókinna aðstæðna fjögurra íbúa, óhentugs húsnæðis að Byggðarenda 6 og ítrekaðra kvartana nágranna var talin þörf á sérhönnuðu húsnæði fyrir íbúana. Því var samþykkt að hefja byggingu að Stjörnugróf 11 sem verður íbúðakjarni í þjónustuflokki IV fyrir 6 konur með flóknar stuðningsþarfir. Ákveðið var að fjölga íbúðum um tvær vegna erfiðrar stöðu tveggja ungra kvenna á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk. Stefnt er að því að Stjörnugróf 11 hefji starfsemi árið 2022.

Vegna mjög flókinna aðstæðna íbúa og óhentugs húsnæðis að Jöklaseli 2 er talið þörf á sérhönnuðu húsnæði fyrir íbúana. Því var samþykkt að lóð sem átti að fara í kjarna í þjónustuflokki III í uppbyggingaráætlunin að Brekknaás 6 myndi fara í lóð fyrir íbúa íbúðakjarnans að Jöklaseli 2 sem er kjarni í þjónustuflokki IV fyrir 6 íbúa með flóknar stuðningsþarfir. Stefnt er að því að Brekknaás 6 hefji starfsemi árið 2023.

c. Boð um aðra búsetukosti

Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 tóku gildi 1. október 2018 segir í bráðabirgðaákvæði nr. II „Fötluðu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.“

Velferðarsvið vinnur að því að bjóða fötluðu fólki sem býr á herbergjasambýlum upp á búsetukosti samkvæmt lögum nr. 38/2018 og reglugerð um sértæk húsnæðisúrræði nr. 370/2016.

Íbúum á eftir farandi herbergjasambýlum hefur frá árinu 2011 verið boðnir aðrir búsetukostir.

- Stuðlasel
- Drekavegur
- Sogavegur
- Bröndukvísl
- Skagasel

- Vesturbrún
- Gunnarsbraut
- Tindasel

Í apríl 2022 eru 4 herbergjasambýli í ferli með boð um annars konar búsetu. Síðan eru íbúar 7 herbergjasambýli ekki komnir með boð um annars konar búsetu.


5 Húsnæði fyrir fatlað fólk – þróun mála og staða þeirra 2022

Árið 2011 þegar Reykjavíkurborg tók við málaflokki fatlaðs fólks frá ríkinu bjuggu 219 einstaklingar í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk. Í lok árs 2016 voru 310 íbúar í húsnæði fyrir fatlað fólk en það er ári áður en uppbyggingaráætlunin var samþykkt. Í lok árs 2021 voru 489 íbúar í húsnæði fyrir fatlað fólk, þar af 133 í húsnæði með stuðningi.

Þegar málaflokkur fatlaðs fólks var fluttur frá ríkinu til Reykjavíkurborgar voru 50 einstaklingar á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk samkvæmt skýrslu Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík um þjónustu við fatlaða í Reykjavík. Árið 2014 fór málaskrárkerfi velferðarsviðs að halda utan um umsóknir um húsnæði fyrir fatlað fólk og frá þeim tíma er að finna áreiðanlegar tölfræðiupplýsingar um fjölda einstaklinga á biðlistum sem og fjölda úthlutana.

Þegar tafla nr. 1 er skoðuð kemur í ljós aukning á biðlistum á milli árána 2017 og 2018. Árið 2017 var uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk samþykkt og haldnir kynningarfundir í þjónustumiðstöðvum fyrir þau sem biðu eftir húsnæði. Við þetta fjölgaði einstaklingum á biðlista eftir húsnæði.

Tafla 1



Fjöldi einstaklinga á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk.

Fatlaður einstaklingur á rétt á að sækja um húsnæði fyrir fatlað fólk í því sveitafélagi sem viðkomandi vill búa í án þess að eiga þar lögheimili sbr. 3. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Tafla nr. 2 sýnir fjölda einstaklinga á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík.

Tafla 2

Fjöldi umsækjenda á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk 1. janúar ár hvert, með lögheimili utan Reykjavíkur - skipt eftir tegund fötlunar.

Tegund umsóknar	1.1. 2014	1.1. 2015	1.1. 2016	1.1. 2017	1.1. 2018	1.1. 2019	1.1. 2020	1.1. 2021	1.1. 2022	2022
Geðfatlanir	3	3	2	3	2	5	2	7	9	9
Þroskahamlaðir	12	13	16	20	17	12	11	12	13	14
Samtals	15	16	18	23	19	17	13	19	22	23

Í apríl 2022 eru 23 einstaklingar með umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk með lögheimili utan Reykjavíkur.

Á tímabilinu 2015 – 2016 fengu 29 fatlaðir einstaklingar úthlutað húsnæði. Eftir að uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk var samþykkt árið 2017 þá hafa 170 einstaklingar fengið úthlutað húsnæði á tímabilinu 2017 til 2021. Mesti fjöldi nýrra úthlutana á einu ári frá yfirfærslu málaflokksins árið 2011 var árið 2021 en þá var 55 einstaklingum úthlutað húsnæði fyrir fatlað fólk sjá töflu nr. 3.

Tafla 3

Fjöldi nýrra úthlutana á húsnæði fyrir fatlað fólk, árin 2014 - 1. mars 2022, skipt eftir tegund fötlunar og flokkum.

Tegund umsóknar	Flokkur	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	Jan-feb 2022	Samtals
Geðfötlun	Flokkur I	1	5	1			1	0	0	1	9
	Flokkur II	1	2	1	1			0	4	0	9
	Flokkur III	1	10	9	4	2	11	6	5	0	48
	Flokkur IV	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Húsnæði m. stuðningi	3	3	4	2	7	5	13	4	0	41
	Liðsaukinn						1	1	0	0	2
	Samtals	6	20	15	7	9	18	20	13	1	109
	Flokkur I	2	5		1		5	8	2	6	29
	Flokkur II	3	1	2	1	6		1	21	0	35
	Flokkur III	2		11	1	3	1	4	3	1	26
Þroskahömlun	Flokkur IV			3	1			0	5	1	10
	Húsnæði m. stuðningi	1		4	2	4	9	8	9	1	38
	Liðsaukinn				1	1	3	6	2	0	13
	Samtals	8	6	20	7	14	18	27	42	9	151
	Flokkur I	3	10	1	1	0	6	8	2	7	38
	Flokkur II	4	3	3	2	6	0	1	25	0	44
	Flokkur III	3	10	20	5	5	12	10	8	1	74
	Flokkur IV	0	0	3	1	0	0	0	5	1	10
	Húsnæði m. stuðningi	4	3	8	4	11	14	21	13	1	79
	Liðsaukinn	0	0	0	1	1	4	7	2	0	15
Samtals		14	26	35	14	23	36	47	55	10	260

Aukning hefur orðið í húsnæði með stuðningi sem er mjög jákvætt þar sem það er þjónustuform/þjónustuleið sem stuðlar að því að Reykjavíkurborg nái stefnumarkmiðum sínum í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum og þeim markmiðum sem sett eru fram í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Með því að auka aðgengi fatlaðs fólks að húsnæði með stuðningi vinnur Reykjavíkurborg með markvissum hætti að því að styrkja stefnuviðmið sín í málaflokki fatlaðs fólks. Því er stefnt að því að allir sem geta búið sjálfstætt með stuðningi fái úthlutað stökum íbúðum í hverfum borgarinnar og sértæk uppbygging verði fyrst og fremst til þeirra sem þurfa nánd starfsfólks allan sólarhringinn.

6 Húsgerðir

Það er stefna Reykjavíkurborgar að allir borgarbúar hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem fólk þarfnast stuðnings með húsnæðismál sín eða ekki. Húsnæðisstefna Reykjavíkurborgar nær þannig utan um húsnæðisþarfir allra borgarbúa, óháð eignarformi, stærð og gæðum húsnæðis.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Stefna sem sett er fram í aðalskipulagi er útfærð nánar í deiliskipulagi fyrir einstök hverfi eða reiti. Deiliskipulag er nánari útfærsla á aðalskipulagi fyrir afmarkað svæði eða reit. Í deiliskipulagi er kveðið á um byggðamynstur, húsagerðir, landmótun, starfsemi, lóðarmörk o.fl.. Æskilegt er að við vinnslu deiliskipulaga nýrra hverfa verði gert ráð fyrir og reitir skilgreindir fyrir íbúðir/íbúðakjarna ætluðum einstaklingum með fötlun. Náð samstarf þarf að vera milli velferðarsviðs og umhverfis- og skipulagssviðs í upphafi og í gegnum skipulagsferlið til að tryggja að þörfum einstaklinga/ úrræða verði rétt mætt, sbr. hér að aftan.

Íbúðakjarni

Íbúðakjarni samanstendur af nokkrum íbúðum í sama húsnæði. Í mörgum íbúðakjörnum er sameiginlegt rými með stofu, þvottahúsi, geymslu og eldhúsi en í öðrum íbúðakjörnum er ekkert sameiginlegt rými annað en starfsmannaaðstaða.

Húsgerðir fyrir íbúðakjarna

Stakstætt hús á einni hæð með stóru starfsmannarými og 6 íbúðum.

- Það tekur upp í 2,6 ár frá því að Félagsbústöðum hefur verið lofuð lóðin þanga til að þeir afhenta kjarnann til velferðarsviðs til notkunar. 1 ár fer í hönnun og svo er ca: 1.6 sem tekur að byggja húsnæðið.

Stakstætt hús á 2-4 hæðum með 7 íbúðum. Ein íbúðin notuð sem starfsmannaaðstaða.

- Það tekur upp í 2,6 ár frá því að Félagsbústöðum hefur verið lofuð lóðin þanga til að þeir afhenta kjarnann til velferðarsviðs til notkunar. 1 ár fer í hönnun og svo er ca: 1.6 sem tekur að byggja húsnæðið.

Fjölbýlishús þar sem eru 7 íbúðir samliggjandi og ein íbúð notuð sem starfsmannaaðstaða.

- Félagsbústaðir eru alltaf með augun opinn fyrir því að komast inn í fjölbýlishúsnæði og fá þar eina hæð sem hægt væri að vera með íbúðakjarna. Ef þeir geta keypt íbúðir sem eru samliggjandi þá getur þetta ferli tekið mjög stuttan tíma.

Fjölbýlishúsi þar sem eru 7 íbúðir dreifðar um húsið og ein notuð sem starfsmannaaðstaða.

- Félagsbústaðir eru alltaf með augun opinn fyrir því að komast inn í fjölbýlishúsnæði og kaupa stakar íbúðir sem eru dreifðar um húsnæðið þar sem hægt væri að vera með íbúðakjarna. Ef þeir geta keypt íbúðir 7 íbúðir þá getur þetta ferli tekið mjög stuttan tíma.

Tafla 4

Gerð húsnæðis	Þroski II	Þroski III	Þroski IV	Geð II	Geð III	SAMTALS
Stakstætt húsnæði ein hæð		6	1			7
Stakstætt húsnæði 2 - 4 hæðir	4	2			2	8
Fjölbýlishús samliggjandi íbúðir	2	2				4
Fjölbýlishús dreifðar íbúðir				1		1
SAMTALS	6	10	1	1	2	20

Íbúðakjarni fyrir fólk með geðfötlun í þjónustuflokki III þarf að vera í stakstæðu húsi á einni hæð eða í stakstæðu húsnæði á 2 – 4 hæðum.

Íbúðakjarni fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir í þjónustuflokki II getur verið stakstætt húsnæði á 2 – 4 hæðum eða íbúðir í fjölbýlishúsi.

Íbúðakjarni fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir í þjónustuflokki III: Gera þarf ráð fyrir að 2 til 3 af kjörnunum í áætluninni þurfi að vera stakstætt húsnæði á einni hæð en 1 til 2 geta verið í fjölbýli á jarðhæð. 1 til 2 geta verið í stakstæðu húsi sem er á 2 til 4 hæðum.

Áskoranir sem geta komið upp og áætlanir um afhefingu nýs íbúðakjarnana standast ekki eru:

- ❖ Ef umhverfis og skipulagssvið hefur ekki skilgreint lóðir undir húsnæði fyrir fatlað fólk, þannig að engar lóðir eru til í verkefnið.
- ❖ Afhending lóða sem hafa verið skilgreindar seinkar frá borginni til Félagsbústaða.
- ❖ Það er stefna velferðarsviðs að vera með notendasamráð við hönnun nýrra íbúðakjarna en það kallar á lengri tíma fyrir hönnunarferlið.
- ❖ Á meðan á byggingar tíma stendur geta komið upp óvæntar áskoranir sem seinka byggingartíma.

7 Endurskoðuð uppbyggingaráætlun frá 2017

Þrátt fyrir öfluga uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk á umliðnum árum voru í apríl 2022 136 einstaklingar sem bíða eftir húsnæði við hæfi. Aðstæður þessara einstaklinga eru mismunandi en allir eru þeir í þörf fyrir húsnæði og stuðning.

Gert er ráð fyrir 20 íbúðakjörnum. Þar af 11 íbúðakjarnar út frá biðlistum, 6 íbúðakjarnar fyrir boð um annars konar búsetu. Þrír vegna húsnæði í eign þriðja aðila.

Tafla 5

FÖTLUN /ÁRTAL	2023	2024	2025	2026	2027	2028	SAMTALS
Þroski II		1	1	2	1	1	6
Þroski III	1		3	2	3	1	10
Þroski IV					1		1
Geð II	1						1
Geð III			1		1		2
SAMTALS	2	1	5	4	6	2	20

Gert er ráð fyrir tveimur færanlegum teymum, Annað fyrir fólk með geðfötlun og hitt fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir.

Heildar rekstarkostnaður

Heildar kostnaður til ársins 2028 er metinn á 3.688 m.kr. á verðlagi ársins 2022 með stofnkostnaði.

Tafla 6

Rekstrarkostnaður	2023	2024	2025	2026	2027	2028	Samtals
Íbúðakjarnar	240	149	778	240	1018	149	2574
Færanlegt teymi	186	156	152	153			647
Boð um búsetu annars konar			39	213	80	30	362
Stofnkostnaður	20	5	25	15	30	10	105
SAMTALS	446	310	994	621	1128	189	3688

Stofnkostnaður er 5. m.kr sem er einskiptu kostnaður og vakinn er athygli á því að rekstarkostnaður án stofnkostnaðar vegna allrar áætlunarinnar er 3.583 m.kr.

8. Nánari útfærsla á rekstri færanlegra teyma og íbúðakjarnana

Færanlegt teymi

Færanlegt teymi byggir á færanlegum og sveigjalegum stuðningi. Um er að ræða stakar íbúðir í fjölbýlishúsum á ýmsum stöðum í Reykjavík. Færanlegu teymin munu byrja hvert fyrir sig með 6 íbúa í stökum íbúðum dreifðum um Reykjavík.

Tafla 7

FÖTLUN / ÁR	2022	2023	2024	2025	SAMTALS
ÞROSKI	6	6	6	6	24
GEÐ	6	6	6	6	24
SAMTALS	12	12	12	12	48

Áætlaður frumkostnaður við tvö færanleg teymi til ársins 2026 er talinn 646.668.131 m.kr. meðtaltals p/st. á verðlagi 2022.

Færanleg teymi – fólk með geðfötlun

Frumkostnaður við tvö færanleg teymi til ársins 2026 er áætlaður 646.668.131 m.kr. meðtaltals p/st. á verðlagi 2022. Hún byggir á eftirfarandi mönnunarlíkani í færanlegu teymunum.

Teymið tekur til starfa með 7 stöðugildi yfir árið og stækkar um 6 stöðugildi árið 2023. Stöðugildum fjölgar svo um 5 árið 2024 og um 7 árið 2025 og er teymið þá samtals orðið 25 stöðugildi. Sjá töflu 10.

Tafla nr. 8

MÖNNUN	STÖÐUGILDI 2022	STÖÐUGILDI 2023	STÖÐUGILDI 2024	STÖÐUGILDI 2025
Forstöðumaður	1	1	1	1
Deildastjóri / Teymisstjóri	1	2	3	4
Stuðningsráðgjafi / þroskaþjálfari	2	4	4	6
Stuðningsfulltrúar	3	6	10	14
SAMTALS	7	13	18	25

Gert er ráð fyrir að hver og einn íbúi sé með að meðaltali með 143 tíma á mánuði í beinan stuðning. Ekki er gert ráð fyrir næturvakt hjá teyminu.

Heildarkostnaður er metinn 301.136.944 m.kr. á meðtaltals p/st á verðlagi 2022. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. stofnkostnaði.

Færanlegt teymi – fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir

Teymið hefur störf með 8 stöðugildi. Stöðugildum fjölgar svo um 7 á ári til ársins 2025 og eru þá samtals orðin 29. Sjá Töflu 11.

Tafla nr. 9

MÖNNUN	STÖÐUGILDI 2022	STÖÐUGILDI 2023	STÖÐUGILDI 2024	STÖÐUGILDI 2025
Forstöðumaður	1	1	1	1
Deildastjóri / Teymisstjóri	1	2	3	4
Stuðningsráðgjafi / þroskaþjálfari	2	4	5	6
Stuðningsfulltrúar	4	8	13	18
SAMTALS	8	15	22	29

Gert er ráð fyrir að hver og einn íbúi sé með að meðaltali með 169 tíma á mánuði í beinan stuðning. Ekki er gert ráð fyrir næturvakt hjá teyminu.

Heildar frumkostnaðaráætlun með stofnkostnaði er metinn 345.531.187 m.kr. á meðtals p/st á verðlagi 2022. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. stofnkostnaði.

Frumkostnaðaráætlun á rekstri íbúðakjarnanna

Frumkostnaður við fjölgun um 11 íbúðakjarna til ársins 2026 er áætlaður 2.195 m.kr. á verðlagi 2022. Hún byggir á eftirfarandi mönnunarlíkani í kjörnunum:

Mönnun í þjónustuflokki III – þroskahömlun og skyldar raskanir

Tafla 10

MÖNNUN	STÖÐUGILDI
Forstöðumaður	1
Deildastjóri / Teymisstjóri	3
Stuðningsráðgjafi / þroskaþjálfari	4.3
Stuðningsfulltrúar	9.8
SAMTALS	18.1

Heildarkostnaður er metinn 235 m.kr. á verðlagi 2022. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. stofnkostnaði.

Mönnun í þjónustuflokki III - geðfötlun

Tafla 11

MÖNNUN	STÖÐUGILDI
Forstöðumaður	1
Deildastjóri / Teymisstjóri	1
Stuðningsráðgjafi / þroskaþjálfari	2.4
Stuðningsfulltrúar	6.8
SAMTALS	11.2

Heildarkostnaður er metinn 146 m.kr. á verðlagi 2022. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. stofnkostnaði.

Mönnun í þjónustuflokki II – þroskahömlun og skyldar raskanir

Tafla 12

MÖNNUN	STÖÐUGILDI
Forstöðumaður	1
Deildastjóri / Teymisstjóri	1
Stuðningsráðgjafi / þroskaþjálfari	2.4
Stuðningsfulltrúar	6.8
SAMTALS	11.2

Heildarkostnaður er metinn 146 m.kr. á verðlagi 2022. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. stofnkostnaði.

Uppbygging vegna boðs um annars konar búsetu 2022-2027

Með erindisbréfi dagsettu 20. september 2017 fól sviðsstjóri starfshópi að leggja fram áfangaskipta tillögu til næstu 10 ára að heppilegu húsnæði fyrir íbúa núverandi herbergjasambýla með hliðsjón af tillögum starfshóps frá 2015. Herbergjasambýli eru í einbýlishúsum með herbergjum og sameiginlegu rými svo sem baðherbergi, stofu og eldhúsi.

Íbúum á herbergjasambýlum verður boðin búseta samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem tóku gildi 1. október 2018. Í lögunum kemur fram í bráðabirgðaákvæði nr. II „*Fötlðuð fólk sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.*“

Um er að ræða viðbót vegna boðs um annars konar búsetu sem nemur 6 íbúðakjörnum með 36 íbúðum fyrir íbúa í herbergjasambýlum. Félagsbústöðum yrði falið að útvega íbúðirnar. Auk þess er gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu í kjörnunum.

Tafla 13

ÞJÓNUSTUFLOKKUR / ÁR	2025	2026	2027	2028	SAMTALS
ÞROSKI II		1	1	1	3
ÞROSKI III	1	1	1		3
SAMTALS	1	2	2	1	6

Hver íbúðakjarni er með sex íbúðum auk starfsmannaaðstöðu.

Gert er ráð fyrir að sá rekstarkostnaður sem er í herbergjasambýlunum flytjist með yfir í nýju íbúðakjarnana.

Tafla 14

ÁR	Viðbótarkostnaður
2025	38.691.571
2026	212.868.233
2027	80.292.545
2028	30.000.000
SAMTALS	361.852.349

Húsnæði í eigu þriðja aðila

Þegar málaflokkur fatlaðs fólks kom frá ríki til sveitafélaga var húsnæði sem notað er fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk í eigu þriðja aðila. Þrennt af þessu húsnæði uppfyllir ekki reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 sem segir í 4.gr. „*íbúðir skulu ekki vera minni en 40 fermetrar og skulu ávallt fullnægja lágmarkskröfum byggingarreglugerðar eins og hún er hverju sinni og um aðgengi auk viðbótarrýmis sem talið er nauðsynlegt vegna fötlunar íbúanna.*“

Af þessum sökum hefur eigandi húsnæðisins samþykkt að leysa velferðarsvið undan leigusamningunum svo hægt sé að bjóða íbúum húsnæði sem uppfyllir lög og reglugerðir. Árið 2026 rennur út leigusamningur vegna eins íbúðakjarnans og hefur eignaraðili upplýst um að leigusamningur verður ekki endurnýjaður. Velferðarsvið felur því Félagsbústöðum að útvega íbúðirnar. Auk þess er gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu í kjörnunum.

Tafla 15

Þjónustuflokkur	Árið *
Þroski IV	2027
Þroski III	2027
Geð II	2026

* Leigusamningur rennur út og nýtt húsnæði þarf að vera komið.

Gert er ráð fyrir að sá rekstarkostnaður sem er í íbúðakjörnunum flytjist með yfir í nýju íbúðakjarnana. Gera þarf ráð fyrir stofnkostnaði 5 m.kr. fyrir hvern kjarna.

11. Uppbygging húsnæðis fyrir fatlað fólk - tímalína

Fyrsta áfangi

Gerir ráð fyrir 6 íbúðakjörnum þar af einn fyrir boð um annars konar búsetu og einn vegna húsnæðis í eigu þriðja aðila

Tafla 16

Gerð húsnæðis	Þroski III	Geð III
Stakstætt húsnæði einn hæð	2	
Stakstætt húsnæði 2 - 4 hæðir	1	1
Fjölbýlishús samliggjandi íbúðir	1	
Fjölbýlishús dreifðar íbúðir		1
SAMTALS	4	2

Ef Félagsbústaðir fá lof um 4 lóðir í byrjun árs 2023 má gera ráð fyrir að velferðarsvið fái afhenta 4 kjarna sem tækju til starfa um mitt ár 2025. 2 kjarnar munu hefja rekstur árið 2023 og annar af þeim er vegna húsnæðis í eigu þriðja aðila, þarf ekki rekstrarkostnað en það þarf stofnkostnað.

Tafla 17

Rekstrarkostnaður	2023	2025
Íbúðakjarnar	240	629
Færanlegt teymi	186	
Boð um búsetu annars konar		39
Stofnkostnaður	20	20
SAMTALS	446	688

Frumkostnaðarmat fyrir fyrsta áfanga skiptist á árið 2023 sem eru 446 m.kr. og svo árið 2025 sem eru 688 m.kr. Einnig er vaktin athygli á því að meðaltalinn stofnkostnaður nemur 20 mkr hvort árið. Stofnkostnaður er einskiptiskostnaður þannig að árlegur rekstarkostnaður eftir árið 2023 væri 426 m.kr og eftir árið 2025 668 m.kr.

Annar áfangi

Gerir ráð fyrir 4 íbúðakjörnum þar af tveir fyrir annars konar búsetu.

Tafla 18

Gerð húsnæðis	Þroski II	Þroski III
Stakstætt húsnæði einn hæð		1
Stakstætt húsnæði 2 - 4 hæðir	1	1
Fjölbýlishús samliggjandi íbúðir	1	
Fjölbýlishús dreifðar íbúðir		
SAMTALS	2	2

Ef Félagsbústaðir fá lof um 3 lóðir í byrjun árs 2024 má gera ráð fyrir að velferðarsvið fái afhenta 3 kjarna sem tækju til starfa um mitt ár 2026. Gert er ráð fyrir að einn íbúðakjarni taki til starfa árið 2024.

Tafla 19

Rekstrarkostnaður	2024	2026
Íbúðakjarnar	149	240
Færanlegt teymi	156	
Boð um búsetu annars konar		213
Stofnkostnaður	5	15
SAMTALS	310	468

Frumkostnaðarmat fyrir annan áfanga skiptist á árið 2024 sem eru 310 m.kr. og svo árið 2026 sem eru 468 m.kr. Einnig er vaktin athygli á því að meðaltalinn stofnkostnaður nemur 20 mkr fyrir bæði árin. Stofnkostnaður er einskiptiskostnaður þannig að árlegur rekstarkostnaður eftir árið 2024 væri 305 m.kr og eftir árið 2026 453 m.kr. Vakin er athygli á því að Rekstrarkostnaður fyrir árið 2024 í færanlegu teyminn er viðbót við rekstrarkostnað fyrir árið 2023, heildarkostnaður teyma væri 342 m.kr.

Priðji áfangi

Gerir ráð fyrir 7 íbúðakjörnum, þarf af tveir fyrir annarskonar búsetu og tveir vegna húsnæðis í eigu þriðja aðila.

Tafla 20

Gerð húsnæðis	Þroski II	Þroski III	Þroski IV	Geð III
Stakstætt húsnæði einn hæð		2	1	
Stakstætt húsnæði 2 - 4 hæðir	1	1		1
Fjölbýlishús samliggjandi íbúðir	1			
Fjölbýlishús dreifðar íbúðir				
SAMTALS	2	3	1	1

Ef Félagsbústaðir fá lof um 6 lóðir í byrjun árs 2025 má gera ráð fyrir að velferðarsvið fái afhenta 6 kjarna sem tæku til starfa um mitt ár 2027. Gert er ráð fyrir að einn íbúðakjarni taki til starfa árið 2025.

Tafla 21

Rekstrarkostnaður	2025	2027
Íbúðakjarnar	149	1018
Færanlegt teymi	152	
Boð um búsetu annars konar		80
Stofnkostnaður	5	30
SAMTALS	306	1128

Frumkostnaðarmat fyrir annan áfanga skiptist á árið 2025 sem eru 306 m.kr. og svo árið 2027 sem eru 1128 m.kr. Einnig er vaktin athygli á því að meðaltalinn stofnkostnaður nemur 35 mkr fyrir bæði árin. Stofnkostnaður er einskiptiskostnaður þannig að árlegur rekstarkostnaður eftir árið 2025 væri 301 m.kr. og eftir árið 2027 1098 m.kr. Vakin er athygli á því að Rekstrarkostnaður fyrir árið 2025 í færanlegu teyminn er viðbót við rekstrarkostnað fyrir árið 2024, heildarkostnaður teyma væri 494 m.kr.

Fjórdi áfangi

Gerir ráð fyrir 3 íbúðakjörnum, þarf af einn fyrir annarskonar búsetu.

Tafla 22

Gerð húsnæðis	Þroski II	Þroski III
Stakstætt húsnæði einn hæð		1
Stakstætt húsnæði 2 - 4 hæðir	1	
Fjölbýlishús samliggjandi íbúðir	1	
Fjölbýlishús dreifðar íbúðir		
SAMTALS	2	1

Ef Félagsbústaðir fá lof um 2 lóðir í byrjun árs 2026 má gera ráð fyrir að velferðarsvið fái afhenta 2 kjarna sem tæku til starfa um mitt ár 2028. Einn íbúðakjarni taki til starfa árið 2026.

Tafla 23

Rekstrarkostnaður	2026	2028
Íbúðakjarnar	149	149
Færanlegt teymi	153	
Boð um búsetu annars konar		30
Stofnkostnaður	5	10
SAMTALS	307	189

Frumkostnaðarmat fyrir annan áfanga skiptist á árið 2026 sem eru 307 m.kr. og svo árið 2028 sem eru 189 m.kr. Einnig er vaktin athygli á því að meðaltalinn stofnkostnaður nemur 15 mkr fyrir bæði árin. Stofnkostnaður er einskiptiskostnaður þannig að árlegur rekstarkostnaður eftir árið 2026 væri 302 m.kr og eftir árið 2028 179 m.kr. Vakin er athygli á því að Rekstrarkostnaður fyrir árið 202 í færanlegu teyminn er viðbót við rekstrarkostnað fyrir árið 2025, heildarkostnaður teyma væri 647 m.kr.

10 Niðurstaða starfshóps

Eftir endurskoðun á uppbyggingaráætlun út frá biðlistum, boð um annarskonar búsetu og húsnæði í eigu þriðja aðila leggur starfshópurinn til að Félagsbústöðum verði falið að útvega 168 íbúðir auk starfsmannaaðstöðu. Í heildina er um að ræða 20 íbúðakjarna með 120 íbúðum og 2 færanleg teymi sem veiti fólki stuðning í 48 íbúðum.

Starfshópurinn leggur til að velferðarsvið endurskoði áætlunina árlega og upplýsi borgarráð um gang hennar. Þessi endurskoðun gæfi velferðarsviði tækifæri til að bregðast við óvæntum breytingum sem geta orðið á biðlistum eftir húsnæði fyrir fatlað fólk.

Starfshópurinn leggur til að stofnaður verði samstarfshópur velferðarsviðs, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Félagsbústaða sem yrði vettvangur samtals um kortlagningu staðsetningar húsnæðis fyrir fatlað fólk í borginni og skilgreiningar á byggingarreitum. Slíkt húsnæði þarf enda að vera í öllum hverfum borgarinnar þar sem uppbygging mun eiga sér stað, sbr. sjónarmið um að við borgarþróun skuli taka mið af margbreytileika í íbúðasamsetningu. Sú hugmyndafræði byggir aftur á kenningum um félagsauð og gildi hans í samfélögum.

Auk þessa leggur starfshópurinn til að húsnæðisáætlun velferðarsviðs í málaflokki fatlaðs fólks verðir gerð hærra undir höfði í húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn fundaði með Geðhjálp og Landsamtökunum Þroskahjálp um uppyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk. Bæði hagsmunasamtökin leggja mikla áherslu á að velferðarsvið komi biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í ásættanlegt horf. Auk þess lögðu hagsmunasamtökin áherslu á virkt notendasamráð þar sem einstaklingarnir sjálfir fái aðkomu að skipulagi og hönnun þess húsnæðis sem um er rætt.

Starfshópurinn telur að með því að standa við tímamörk þeirrar uppbyggingar sem hér hefur verið lögð til megi koma biðlistum í ásættanlegt horf fyrir lok áætlunarinnar.



FUNDARGERÐ

Nefnd/hópur: Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk

Fundur nr: 1

Efni fundar: Erindisbréf, verkefni, nálganir og framvinda

Viðstaddir: Þorsteinn Gunnarsson borgarritari (SBB), Ólafía Magnea Hinriksdóttir, deildarstjóri (VEL), formaður, Ricardo Mario Villalobos, deildarstjóri (VEL), Grétar Örn Jóhannsson, Félagsbústöðum, Hrafnhildur Sverrisdóttir, skipulagsfulltrúa (USK), Ósk Soffía Valtýsdóttir, (USK), Hilmar Hildar Magnúsarson atvinnu- og borgarþróunarteymi (SBB).

Fundardagur: 28. mars 2022

Tími: 15:00

Fundarstaður: Fjarfundur með Webex.

Þetta var gert:

1. ÞG býður fundarfólk velkomið og fer yfir erindisbréf hópsins, m.a. tilgang, skipan og helstu verkefni. Hann segir erindisbréfið ekki tilbúið og að það þurfi að klára. Þá ræðir hann tilhögun og utenumhald um vinnuna sem og fundi. Formaður, ÓMH, muni finna út úr því í samstarfi við starfsmann hópsins, HHM.
2. ÞG býður fundarfólki að spyrja um næstu skref. HHM spyr hvernig tímalínu sé háttað. Tíminn fram að lokadagsetningu, 1. maí, sé mjög knappur, einkum í ljósi þess að taka þurfi tillit til páskaeyfa starfsfólks. ÞG segir það hafa tafist að skipa í hópinn og að það svolítið hópsins að meta hvernig tilhögun vinnunnar verði og hvort tímalína sé raunsæ.
3. Kl. 15.10 yfirgefur ÞG fundinn og ÓMH tekur við fundarstjórn. ÓMH byrjar á því að kynna sig og biður fundarfólk að gera slíkt hið sama. Öll kynna sig og sína starfsstöð.
4. Rætt almennt um erindisbréfið:
 - a. ÓMH hefur umræðuna og segir að aðlaga þurfi orðalag nýjum tímum og breyttum áherslum.
 - b. RMV bendir á að það vanti umfjöllun um starfsmannaíbúðir.
5. Rætt um þau fimm verkefni sem talin eru upp í erindisbréfinu:
 1. Samantekt um lagalegt umhverfi:

ÓMH segist eiga þessi bakgrunnsgögn og muni taka þau saman og deila með hópnum.
 2. Leggja mat á þörf fyrir mismunandi úrræði og forgangsroðun þeirra:

ÓMH segir að þarna verði byggt á upplýsingum um biðlista og forgangsraða þurfi hlutum. Í þessum efnum vilji hún sérstaklega horfa til þjónustuflokks 3 og húsnæði með stuðningi.



3. Tillaga að endurskoðaðri uppbyggingaráætlun á sértæku húsnæðis fyrir fatlað fólk sem gildi til 2030 sem liggi til grundvallar við endurskoðun á gildandi húsnæðisáætlun, ásamt fjárhags- og fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar.

4. Gerð tillagna að staðsetningu húsnæðis og eftir atvikum lóða fyrir það á grundvelli dreifingar núverandi og framtíðar búsetuúrræða með það að markmiði að stuðla að félagslegri blöndun um alla borg:

ÓMH segir að hún vænti þess að USK geti komið sterkt inn í þennan þátt.

5. Kostnaðarmat tillagna, þ.á.m. að leggja mat á hversu mikið vantar upp á framlög ríkisins vegna málaflokks fatlaðs fólks á grundvelli laga:

ÓMH telur efnið ekki eiga heima í erindisbréfinu. Málið er rætt. RMV segir sjálfsagt að setja fram kostnað við hin ýmsu úrræði en að kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga verði að ræða á öðrum vettvangi.

6. Rætt um lóðir:

HS spyr hvort um sé að ræða húsnæði fyrir allt fatlað fólk. ÓMH segir að um sé að ræða fólk með staðfesta greiningu, annað hvort líkamlega eða andlega. Þá sé um að ræða ákveðið þjónustuflokk. RMV segir það væntanlega munu taka tíma að greina og finna lóðir. GÖJ segir að rætt hafi verið um tvær lóðir, við Hverafold og Nauthólsveg. Það vanti eina í viðbót núna. HS spyr hvort hægt væri að setja einhverjar kvaðir á úthlutanir og hvort hægt sé að vera á hluta lóðar. GÖJ segir að passa þurfi vel stærð lóða. Að verkefnin verði ekki of dýr. Einnig hæð hús. Segir vel hægt að vera á hluta lóðar. RMV segir að skilgreina þurfi húsnæðisþarfir og -óskir. Flokkarnir séu ólíkir. Þannig sé þjónustuflokkur 4 t.d. meira einbýli en að þjónustuflokkur 2 gæti t.d. verið 2 samliggjandi íbúðir. HS segir engar sérbýlislóðir í boði sem stendur.

7. Rætt um þjónustuflokka og þarfagreiningu:

ÓMH segir þjónustuflokka alltaf vera íbúðakjarna en þar geti verið nokkrar íbúðir saman í húsi. Byggja megi á fleiri hæðum en oftast eða alltaf á einni hæð fyrir þyngstu flokkana. GÖJ segir brýnt að skilgreina þörfina og setja fram óskir út frá því. Félagsbústaðir hafi alltaf verið í annarri stöðu og tekið því sem að þeim hafi verið rétt. Rætt um að skv. aðalskipulagi sé nú verið að byggja mikið á hæðina og því þurfi að skoða hvort t.d. megi nota neðstu hæðir í einhverjum tilfellum. ÓMH/RMV segja það gerlegt, t.d. fyrir þjónustuflokk 2, en ÓMS bendir á að þjónustuflokkur 4 þurfi alltaf að vera í sérbyggingu. Nánar rætt um greiningu húsnæðis út frá þjónustuflokkunum.

8. Rætt um tilhögun vinnunnar, gögn, samráð og rannsóknir:

- a. ÓMH leggur til að hópurinn hittist ört, a.m.k. einu sinni í viku. Þau RMV muni koma inn á næsta fund með samantekt á gögnum sem hægt verði að vinna áfram með.
- b. ÓMH leggur til að unnið verði á Teams. HHM segist munu setja upp Teams hóp fyrir verkefnið.
- c. HS spyr um kyngreind gögn. ÓMH segir að ekki sé gert ráð fyrir kynjaskiptu húsnæði en að fleiri karlmenn séu á biðlista. Þau RMV geti tekið saman upplýsingar um þetta.
- d. HS spyr um hvaða hagsmunasamtök haft verði samráð við. ÓMH segir að rætt verði við Þroskahjálp og Geðhjálp.
- e. HS spyr um rannsóknir á sviðinu. ÓMH segir húsnæðismál fatlaðs fólks ekki hafa verið mikið rannsökuð hérlandis. Hins vegur sé stefnan í þá átt að færa starfseminna yfir í færanleg teymi fremur en íbúðakjarna. Þannig megi stækka hópinn sem fái stuðning. Þetta snúist um að starfsfólkið sé hreyfanlegt, þótt það þurfi vissulega starfsstöð. Nú megi ekki vera með fleiri en sjö manneskjur í



kjarna, sem hafi verið gagnrýnt af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks sem hafi viljað lækka töluna í fimm. Reykjavíkurborg hafi farið millibilið og sagt sex. Það gangi betur upp rekstrarlega.

9. Næstu skref:

- a. ÓMH segist munu setja inn á Teams hópinn samantekt um lög, uppbyggingaráætlun og yfirlitsskjal um málaflokkinn sem lýsi þróun hans síðan 2011 er hann var færður frá ríki til sveitarfélaga.
- b. GÖJ segir verkefni næstu viku að lesa þessi gögn f. næsta fund.
- c. ÓMH leggur til að hópurinn sendi frá okkur endurskoðað erindisbréf eftir næsta fund. Samþykkt.
- d. HHM vekur athygli á tímarammanum, í ljósi leyfa. Umræða. ÓMS leggur til að afstaða verði tekin til tímarammans þegar líður frekar á og mál skýrist. HHM setji upp vikulega fundi milli 15 og 16 fram í miðjan maí.
- e. ÓMH leggur til að öll renni yfir erindisbréfið og komi með tillögur að úrbótum og endurskoðun.
- f. Næsti fundur skv. umræðu hér að framan boðaður mánudaginn 4. apríl 2022 kl. 15.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.43.

Hilmar Hildar Magnúsarson ritaði fundargerð.



FUNDARGERÐ

Nefnd/hópur: Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk
Fundur nr: 2

Efni fundar: Erindisbréf, verkefni, nálganir og framvinda

Viðstaddir: Ólafía Magnea Hinriksdóttir, deildarstjóri (VEL), formaður, Ricardo Mario Villalobos, deildarstjóri (VEL), Grétar Örn Jóhannsson, Félagsbústöðum, Hrafnhildur Sverrisdóttir, skipulagsfulltrúa (USK), Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildastjóri (USK), Hilmar Hildar Magnúsarson atvinnu- og borgarþróunarteymi (SBB).

Fundardagur: Miðvikudagur 6. apríl 2022

Tími: 15:00

Fundarstaður: Fjarfundur með Webex

Þetta var gert:

1. Unnið í erindisbréfi.

- Almennt um erindisbréfið:
ÓMH skýrir frá því að búið sé að setja upp alla grunnvinnu varðandi erindisbréfið, ásamt lesefni.
- Skilgreiningar og orðanotkun:
Almennt rætt um efnið, m.a. í ljósi þess hvaða orðanotkun fatlað fólk vill sjálft viðhafa. ÓMH segir að heiti málaflokksins verði framvegis „húsnæði fyrir fatlað fólk“.
- Helstu verkefni:
ÓMH segir að gera þurfi kostnaðarmat á tillögunni. Fjármálaskrifstofa velferðarsviðs muni sjá um það. Um er að ræða frumkostnaðarmat út frá þjónustubáttum ásamt áætluðum rekstrarkostnaði. Hópurinn er sammála um að m.a. í ljósi tímarammans verði ekki ráðist í það að leggja mat á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga og mun flagga því.
- Ráðgjöf og samstarf:
Rætt um að knappur tími sé til samráðs á þessu stigi en að hópurinn muni kynna hagsmunaaðilum áformin og hafa samráð við hagsmunaaðila á seinni stigum. Þetta er skrifað í erindisbréfið.
- Tímarammi:
Rætt um tímarammann, að mjög óraunsætt sé að ætla hópnum að skila fyrir 1. maí. ÓMH segir að það sé þrýst á það m.a. af borgarlögmanni að ljúka verkinu fyrir 1. maí vegna ákveðinna mála.



2. Greinargerð varðandi uppbyggingaráætlun:

- a. Forvinna greinargerðar
ÓMH upplýsir hópinn um að þau Ricardo hafi þegar unnið ákveðna forvinnu til að flýta fyrir.
- b. Greining á húsnæðisþörf
HS spyr um þörfina og ÓMH svarar því til að hún sé svolítið skrykkjótt, aukist mjög og minnki á víxl. Það hafi verið áskorun að halda í við þróunina. ÓMH segir upplýsingar um þetta muni liggja fyrir á næsta fundi.
- c. Kortlagning þjónustu og samhengi við aðra starfsemi
HS spyr hvort ekki þurfi að kortleggja þjónustuna í borginni og hvort ekki megi finna einhverja samlegð við aðra þjónustu. ÓMH segir ekki til umræðu að fara í einhverja samnýtingu. Nefnir vöntun á kjörnum í Vesturbæ, Grafarvogi og Grafarholti. Eins vöntun á húsnæði fyrir einstaklinga í Grafarvogi.
- d. Færanleg teymi
Rætt um færanleg teymi og bækistöðvar þeirra. ÓMH/RMV segjast vilja setja þetta í skýrsluna. Svo verði hægt að skoða það í framhaldinu.
- e. Kortlagning þjónustu og samhengi við aðra starfsemi (frh.)
ÓMH segir um að ræða að hver og einn skjólstæðingur sé með íbúð með sinn starfsmann. RMV/HS ræða um að það sem þau eigi við sé meira varðandi dreifingu þjónustunnar um borgina og hvort ekki megi kortleggja betur til að skapa samhengi og yfirsýn. Ræða þetta í ljósi stjórnendaupplýsinga, s.s. Qlik Sense, ekki opinna gagna fyrir almenning. ÓMH segir að mögulega megi birta þetta eftir borgarhlutum. RMV segir þetta samt myndi kalla á mikla vinnu sem aldrei myndi klárast fyrir 1. maí. HMS nefnir í þessu samhengi muninn á borgarvefsjá og borgarsjá, sem sé upplýsingaveita miðuð að starfsfólki borgarinnar, ekki almenningi. RMV tekur undir það og segir gott fyrir stjórnendur að geta séð upplýsingar, í lögum jafnvel, nálægð kjarna við aðra kjarna t.d. Það sé mjög gott að hafa þessar upplýsingar til að geta áttað sig á samhengi hlutanna. HS bendir á að einnig þurfi að hugsa þetta út frá íbúum hverfanna. RMV segir að um mikla starfsemi sé að ræða og HS bendir á að þá vilji fólk einmitt kannski forðast að hafa of mikið undir á einu svæði umfram önnur. Talar um dreifingu og blöndun. RMV segir stefnuna að hafa þetta eins dreift og hægt er.
- f. Biðlistar
ÓMH segir lengstu biðina eftir einstaklingsíbúðum og í þjónustuflokki 3. Ræðir færanleg teymi. Dæmið sé sett upp þannig að það verði aukning um 6 á ári í 4 ár. 24 í allt. ÓMH segir að vandinn sé upp safnaður. RMV segir að stilla þurfi stefnunni upp til lengri tíma þannig að alltaf séu einhver verkefni í gangi – og svo megi hægja á eða flýta uppbyggingu eftir þörfum. Taka þurfi inn í jöfnuna niðurlagningu sambýla. Almenn rætt um brottfall og áhrif á biðlista. GÖJ spyr hvort ekki sé hægt að taka saman lista um þessa þörf. RMV biður hann um að láta vita hvað vanti og það verði tekið saman. ÓMH ræðir línuleg þróun



biðlistans og vöntun eftir borgarhlutum. GÖJ segir að gott væri að fá þessar upplýsingar í excel skjali. ÓMH segir það vel hægt. GÖJ segist á móti munu setja í púkkið lista yfir allt það sem Félagsbústaðir séu með. ÓMH segir að hún eigi skjal sem þurfi aðeins að snyrta til en svo setji hún það inn.

g. Upplýsingamiðlun

Rætt um þörfina á Qlik Sense og myndrænni framsetningu upplýsinga í Borgarsjá.

3. Skerjafjörður – deiliskipulag – fjölbreytni í íbúasamsetningu

HS ræðir deiliskipulag í Skerjafirði og hvort eitthvað gæti hentað þar. Rætt um úthlutun og vilyrði. HHM upplýsir að enn sé lausar lóðir undir sérbyli í hverfinu vestanverðu en búið sé að úthluta mörgu að austan, til húsnæðisfélaga. Rætt um stærðir og þörf. GÖJ talar um að lítið 6-8 íbúða hús á mörgum hæðum gæti vel gengið en að það þurfi helst 6-800 fermetra einbyli fyrir þungu þjónustuflokkana. HS segir vilja til þess að tryggja félagslega blöndun, nefnir hvort það væri möguleiki við Leirtjörn.

HHM tekur undir sjónarmið HS og RMV varðandi kortlagninguna sem áður hafi verið rædd. Hún sé mikilvæg vegna samspils skipulags, þjónustubarfa og úthlutunaráætlun húsnæðisáætlunar. Nefnir íbúðir fyrir aldrað fólk við Leirtjörn. Úthlutun lóða sé um margt flókið ferli með mörgum hagaðilum og oft sé mikil pressa. Það þurfi því gögn sem skapi góða yfirsýn, til að tryggja gæði, samhengi við skipulagsáætlanir og fjölbreytta blöndu íbúa.

Rætt um möguleikana á að vera á jarðhæðum í Skerjafirði. GÖJ mun skilgreina húsagerðir og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla, hvernig húsnæði geti farið inn í fjölbýlishús o.s.frv.

4. Kaupréttur Félagsbústaða og gæði húsnæðis

GÖJ ræðir um 5% kauprétt félagsbústaða og hvernig hann virki. Ekki sé um að ræða að Félagsbústaðir mæti alltaf afgangi hjá uppbyggingaraðilum, að félagið fái alltaf „lélegustu“ íbúðirnar, eins og mörg haldi, alls ekki. Heilt yfir gangi samstarfið vel. RMV nefnir að það sé líka lágmarkskröfur í reglugerðum varðandi íbúðir fyrir fatlað fólk sem ekki sé hægt að víkja sér undan. Rætt um gæði húsnæðis. Rætt um kjarna í Brekknaási.

5. Tímalína – páskaleyfi og fundahöld

ÓMH segir hópinn ekki ná að skila fyrir 1. maí. Það verði að vera raunsæi í þessu.

- Ákveðið að senda borgarritara/borgarstjóra erindisbréf til undirritunar. HHM sér um það.
- Ákveðið að spyrjast fyrir um tímafresti – og ræða við yfirstjórn um að hópurinn geti ekki skilað fyrir 1. maí. HHM sendi línu um þetta f.h. hópsins.
- Ákveðið að 3. fundur verði miðvikudaginn 13. apríl kl. 15. HHM sendi út fundarboð. HHM verður í páskaleyfi og munu ÓMH og RMV halda utan um gögn og ritun fundarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.10.

Hilmar Hildar Magnússon ritaði fundargerð.



FUNDARGERÐ

Nefnd/hópur:	Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk
Fundur nr:	3
Efni fundar:	Framvinda verkefnis, samráð, lóðaleit og almennar umræður
Viðstödd:	Ólafía Magnea Hinriksdóttir, deildarstjóri (VEL), formaður, Ricardo Mario Villalobos, deildarstjóri (VEL), Grétar Örn Jóhannsson, Félagsbústöðum, Hrafnhildur Sverrisdóttir, skipulagsfulltrúa (USK), Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildastjóri (USK).
Fundardagur:	Miðvikudagur 13. apríl 2022
Tími:	15:00
Fundarstaður:	Fjarfundur með Teams

Þetta var gert:

1. Framvinda verkefnis

Ekki hefur fengist frestur á skil skýrslunnar og er stefnt á að skila 1.maí.

2. Samráð við hagsmunaaðila

Stefnt er að samráðsfundi með Geðhjálp og Þroskahjálp eftir páska. Þarfir skjólstæðinga félaganna eru ólíkar og því talið best að halda sér fund með hvoru félagi fyrir sig.

3. Lóðaleit

Varðandi leit umhverfis- og skipulagssviðs (USK) að lóðum þá þarf að skilgreina hverfin og hver þjónustubörfin og lóðamagnið eru. Hafin er vinna við stefnu þar sem leitast er við að finna lóðir fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk. USK mun síðan fara í frekari skoðun og leit að lóðum. Eins og staðan er núna þá þarf lóðir fyrir:

- 11 íbúðakjarna
- 2 færanleg teymi
- 6 íbúðakjarna vegna niðurfellinga á sambýlum

Starfsfólk VEL mun ræða við Lech Róbert Pajdak hjá LUKR varðandi Borgarvefsjá til að fá yfirsýn um íbúðakjarnana eftir hverfum og þá hvar VEL sér fyrir sér að nýir kjarnar verði staðsettir, þ.e. í hvaða hverfum.

4. Umræða um húsnæði fyrir fatlað fólk

Almennt rætt um húsnæði fyrir fatlað fólk og fulltrúum USK sýndar myndir af nýjustu lausnum VEL, s.s. í Árlandi, Stjörnugróf, Árskógum og Brautarholti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.
Ricardo Mario Villalobos ritaði fundargerð.



FUNDARGERÐ

Nefnd/hópur:	Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk
Fundur nr:	4
Efni fundar:	Samráð, framvinda verkefnis, lóðir, þjónustuflokkar og biðlistar
Viðstödd:	Ólafía Magnea Hinriksdóttir, deildarstjóri (VEL), formaður, Ricardo Mario Villalobos, deildarstjóri (VEL), Grétar Örn Jóhannsson, Félagsbústöðum, Hilmar Hildar Magnúsarson verkefnastjóri (SBB).
Fundardagur:	Mánudagur 25. apríl 2022
Tími:	15:15
Fundarstaður:	Fjarfundur með Teams

Þetta var gert:

1. Mæting á fundinn

ÓMH upplýsir að Hrafnhildur Sverrisdóttir muni tefjast og að Ósk Soffía Vatlýsdóttir sé fjarverandi. Formaður ákveður að hinkra til 15.15 en hefur þá fundinn.

2. Samráð

ÓMH upplýsir að hún hafi óskað eftir fundi með Geðhjálp og Þroskahjálp vegna samráðs en ekki fengið viðbrögð. Hún muni hringja í félögin fá hún ekki svör fyrir miðja viku.

3. Framvinda verkefnisins

ÓMH upplýsir að hún hafi sett inn gögn á Teams svæðið, drög að skýrslu hópsins, sem hópurinn þurfi nú að bregðast við með yfirllestri og athugasemdum. Annars sé einungis útistandandi kortlagning USK á lóðum en hópurinn þurfi að gera tillögur að staðsetningum á lóðum. ÓMH segir frumkostnaðarmat að hluta til komið inn í greinargerðina en að það eigi eftir að gera grein fyrir færanlegum teymum. RMV segir að það sé erfitt að ljúka lóðamálum fyrir skilafrestinn 1. maí og að það verði því að taka fram í greinargerðinni að vinnan við þetta sé hafin. Mögulega megi orða það þannig að USK ljúki vinnunni innan ársins.

4. Rætt um lóðir, þjónustuflokka, álag og biðlista.

ÓMH segir að það hafi vantað tvær lóðir í gömlu uppbyggingaráætlunina og að því verði að halda til haga. Rætt um lóðagjöld og mögulega niðurfellingu þeirra.

5. Næstu skref

Ákveðið að öll lesi drögin að greinargerð hópsins fyrir næsta fund og að ÓMH hringi í Geðhjálp og Þroskahjálp á miðvikudag hafi hún ekki fengið svar frá félögunum fyrir þann tíma. Ákveðið að halda næsta fund fimmtudaginn 28. apríl 2022 með fjarfundarbúnaði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.55.
Hilmar Hildar Magnúsarson ritaði fundargerð.



FUNDARGERÐ

Nefnd/hópur:	Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk
Fundur nr:	5
Efni fundar:	Kortlagning, framvinda, lóðir, samhæfing aðgerða og næstu skref
Viðstödd:	Ólafía Magnea Hinriksdóttir, deildarstjóri (VEL), formaður, Ricardo Mario Villalobos, deildarstjóri (VEL), Grétar Örn Jóhannsson, Félagsbústöðum, Hrafnhildur Sverrisdóttir, skipulagsfulltrúa (USK), Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri (USK), Hilmar Hildar Magnúsarson verkefnastjóri (SBB).
Fundardagur:	Mánudagur 2. maí 2022
Tími:	15:02
Fundarstaður:	Fjarfundur með Teams

Þetta var gert:

1. Kortlagning húsnæðis fyrir fatlað fólk

Hópurinn fer yfir kort af dreifingu húsnæðis fyrir fatlað fólk en kortið byggir á upplýsingum frá 28. apríl 2022.

2. Framvinda verkefnis og skilafrestur

Rætt um skilafrest og þá verkþætti sem út af standa: mögulega kynningu á fundi velferðarráðs í þessari viku; lóðir; og samráð við Geðhjálp og Þroskahjálp. ÖMH sagði einnig frá því að borist hefði fyrirspurn um hvort starf hópsins tæki til *Uppbyggingaráætlunar húsnæðis 2022-2025 fyrir börn og ungmenni sem vegna fötlunar og/eða fjölþætts vanda geta ekki búið á eigin heimili.*

3. Lóðir

Rætt er um lóðir. HS segir tímafrekt að rýna lóðir, bera saman við þörf og gera grein fyrir möguleikum. Þetta taki lengur en nokkra daga. Starfshópurinn þyrfti í greinargerð sinni að taka fram að verkefninu yrði vísað inn í ákveðið ferli hjá USK til frekari úrvinnslu og greiningar. Jafnvel inn í húsnæðisáætlun borgarinnar. ÖMH segir hópin þurfa meiri tíma. Það þurfi að vinna verkið betur, s.s. með tilliti til lóða.

4. Samhæfing aðgerða – tillit til húsnæðisþarfa fatlaðs fólks á öllum stigum

HS segir þarfagreiningu þurfa að liggja fyrir sem svo megi bera saman við skipulagsáætlanir. RMV spyr hvort ekki sé gert ráð fyrir fötluðu fólki í skipulagsáætlunum. Rætt um húsnæðis- og skipulagsáætlanir en svo virðist sem misbrestur sé á því að upplýsingar um markmið húsnæðisáætlunar varðandi húsnæði fyrir fatlað fólk skili sér til skipulagsfulltrúa. Rætt er um hvernig bregðast megi við þessu og tryggja að ávallt sé hugað að málefnum húsnæðis fyrir fatlað fólk. HHM bendir á að fundað sé reglulega um úthlutunaráætlun og spurning sé hvort ekki þurfi að draga velferðarsvið að því samráðsborði. Eins þurfi að samþætta málefnið inn í reglulegt verklagt, líkt og með jafnrétti og umhverfismál, þannig að sífellt sé verið að huga að málaflokknum. Þá megi styðjast við gátlista.

Ákveðið að HHM skoði lóðir í Skerjafirði og Ártúnshöfða með teymum atvinnu- og borgarþróunar og lóðaúthlutunar og samninga.



ÓMH segir 2 lóðir eftir í uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk og að velferðarsvið sé tilbúið til að rýna lóðamálin nánar með umhverfis- og skipulagssviði.

5. Samhæfing aðgerða – húsnæðisáætlun velferðarsviðs og samningsmarkmið

Rætt um hlutfall húsnæðis fyrir fatlað fólk í samningsmarkmiðum Reykjavíkur og tengingu biðlista og ákvarðana um uppbyggingu.

ÓMH segir húsnæðisáætlun velferðarsviðs hafa gengið mjög vel og RMV sýnir yfirlit yfir þróunina. HS og ÖSV segja þessar upplýsingar ekki vera að berast starfsfólki hjá umhverfis- og skipulagssviði og þau séu því ómeðvituð um vandann. Efla þurfi samráð við úthlutun og skipulag. Rætt er um hvort raunhæft sé, í ljósi tímans, að ávarpa lóðamálin að einhverju ráði í greinargerð hópsins. Rætt um þörf. ÓMH segir að búið sé að skilgreina mál og setja greinargerðina þannig upp að auðveldara sé að finna lóðir. Skilgreina þurfi betur hvað átt sé við með færanlegum teymum. ÓMH spyr hvort umhverfis- og skipulagssvið geti sett fram tillögu að texta varðandi skipulag og lóðir. HS segir að textinn í greinargerð þurfi þá að vera í formi tilmæla, eða formlegrar tillögu að því að umhverfis- og skipulagssvið vinni að ákveðnum aðgerðum, s.s. kortlagningu og greiningu. RMV segir að ræða þurfi hvernig hægt sé að útfæra þessa aðkomu USK og í hvaða farveg eigi að vísa tillögunni til að tryggja að viðeigandi skrifstofur sviðsins grípi þá bolta sem þeim er ætlað.

ÖSV segir USK hafa mikið samráð við eignaskrifstofu en spyrja þurfi hvernig kjarnarnir starfi. Hvernig flæðið sé. Hún spyr hvort búið sé að skilgreina þörfina í t.d. fermetrum. ÓMH segir ljóst að ekkert húsnæði sé undir 40 m². RMV bætir við að einn kjarni íbúða ásamt starfsmannaaðstöðu (sem sé allt að 100 m²) geti verið á bilinu 5-600 m² að stærð.

HS nefnir að mögulega megi skoða og greina lóðir í Skerjafirði núna í maí og ráðast svo í að breyta deiliskipulagi í júní. Nefnir einnig Ártúnshöfða.

HMM segir að til þess að tryggja að ávallt sé hugað að húsnæði fyrir fatlað fólk mætti hugsa sér hvort ekki þurfi að endurskoða forsendur samningsmarkmiða. Hvort ekki þurfi hreinlega að nefna byggingu þessa húsnæðis skýrar inn í samningsmarkmið (upptalningu) svo það sé ávallt tekið með í reikninginn.

RMV segir kerfið þurfa að læra af þessu og tryggja að öll gangi í takt. Nauðsynlegt sé að hafa svona gagn eins og er verið sé að vinna núna, svo vísa megi til þess þegar komi að því að forgangsraða við lóðaúthlutun.

6. Næstu skref – kynning, börn og ungmenni, samráð

Samþykkt að hópurinn stefni að því að skila af sér í lok vikunnar. ÓMH nefnir í því samhengi að kynna vinnuna stuttlega fyrir velferðarráði nk. miðvikudag.

ÓMH spyr hvort hópurinn vilji ávarpa *Uppbyggingaráætlunar húsnæðis 2022-2025 fyrir börn og ungmenni sem vegna fötlunar og/eða fjölþætts vanda geta ekki búið á eigin heimili* eða hvort fólki finnist að það eigi að ræða sérstaklega á öðrum vettvangi. RMV spyr hvernig þessum hlutum hafi verið hagað hingað til. ÓMH segir þessu hafa verið hnýtt við annað. Almennar umræður um börn og ungmenni með fötlun (greiningar og/eða raskanir). ÓMH biður fulltrúa USK í hópnum að hugsa málið varðandi þetta og láta vita á morgun. RMV segir þetta vera gráu svæði og spyr hver eigi að framkvæma, borgin eða Félagsbústaðir. Stefna velferðarsviðs hafi verið að ýta þessum verkefnum sem mest yfir til Félagsbústaða til að minnka flækjustigið hjá sviðinu – fækka viðsemjendum. GÖJ segir mikilvægt að koma af stað einhverju samtali milli aðila um þessi mál.

ÓMH segir hópinn eiga samráðsfund með Geðhjálp nk. fimmtudag. Hún muni líka reyna að fá fund með Þroskahjálp. ÖSV og HS hittist nk. miðvikudag og fari yfir mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.15
Hilmar Hildar Magnúsarson ritaði fundargerð.



FUNDARGERÐ

Nefnd/hópur:	Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk
Fundur nr:	6
Efni fundar:	Samráð við fulltrúa Geðhjálpar
Viðstödd:	Grímur Atlason framkvæmdastjóri Geðhjálpar, Ólafía Magnea Hinriksdóttir, deildarstjóri (VEL), formaður, Ricardo Mario Villalobos, deildarstjóri (VEL), Grétar Örn Jóhannsson, Félagsbústöðum, Hrafnhildur Sverrisdóttir, skipulagsfulltrúa (USK), Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri (USK), Hilmar Hildar Magnúsarson verkefnastjóri (SBB).
Fundardagur:	Fimmtudagur 5. maí 2022
Tími:	10:00
Fundarstaður:	Stekkur á Höfðatorgi og fjarfundur með Teams

Þetta var gert:

1. Kynning

ÓMH býður GA velkominn og kynnir hópinn, verkefni hans og mikilvægi samráðs við hagsmunaaðila.

2. Starfsemi og nálgun Geðhjálpar

GA reifar starfsemi og hugmyndafræði Geðhjálpar. Félagið leggi áherslu á val, sjálfstæði og notendasýn en vissulega geti ekki öll verið sjálfstæð í eigin húsnæði. Mikilvæg sé að notendurnir sjálfir séu með frá byrjun og hlustað á þeirra sjónarmið.

3. Almenn um húsnæðismál notenda hjá Geðhjálp

GA ræðir skipulagningu hverfa út frá þörfum hópsins sem sé afar fjölbreyttur og þurfi því að eiga fjölbreytta búsetumöguleika í öllum hverfum.

ÓMH segir starfshópin búið að kortleggja húsnæði og sjái víða göt í borgarmyndinni.

GA segir marga notendur hjá Geðhjálp flutta út í minni sveitarfélög í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Það sé ákveðin gettómýndun í gangi sem sé ekki gott en það sé einmitt það sem gerist hjá fátæku fólki. Hann segir að þessu verði að vinda ofan af og nefnir komandi sveitarstjórnarkosningar. Höfuðborgin sé sterk en þurfi að taka meira af skarið. Þá hafi félagið fundað með Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) um svokölluð öryrkjalán til húsnæðiskaupa. Það sé jákvæð þróun því reyndin sé sú að samfélagið leyfi öryrkjum aldrei að eignast neitt.

ÓMH tekur undir sjónarmið GA og segir mikilvægt að fólk geti átt eigið húsnæði og fengið þjónustuna heim.

GA segir þetta auka lífsgæði og styrkja sjálfsmynd notenda. Í dag eigi margir ekki efni á eigin húsnæði nema flytja til Þorlákshafnar, Grindavíkur og sambærilegra staða utan höfuðborgarsvæðisins. Þarna verði gettómýndun sem þurfi að snúa ofan af. Þetta eigi almennt við um húsnæðismál hópsins.

GÖJ mætir til fundar kl. 10:18.



4. Biðlistar, uppbygging og húsnæðiskostnaður

GA segir að borgin þurfi að hætta að rukka fatlað fólk um lóðagjöld enda séu þessir hópar í afar erfiðri stöðu og biðlistar langir.

ÓMH segir 136 einstaklinga í bið. Hafist verði handa við einn búsetukjarna fyrir fólk með geðrænar áskoranir og þá horft til þeirra hópa sem þurfa mesta þjónustu. Einnig sé verið að horfa til færanlegra þjónustuteyma. Gert sé ráð fyrir að byggja sex íbúðir á ári halda í við fjölgun í hópi fólks með geðrænar áskoranir sem og útskriftir hjá Landspítala.

GA ræðir brú á milli ríkis og sveitarfélaga og biðlista. Í dag séu 9.000 manns öryrkjar vegna geðrænna áskorana. Þar af sé mjög stór hópur sem hafi það ekki ágætt. Reykjavík hafi staðið sig einna best sveitarfélaga en félagið telji að það þurfi að gera betur. Það vanti menntað fólk og víða ríki kunnáttuleysi enda um flókin mál að ræða.

5. Rödd notenda og umfjöllun um þá

GA segir sorglegt að vita til þess að það sé hlustað þegar hann opni munninn fyrir hönd hópsins – en ekki þegar notendur tali sjálfir. Þessu geti Reykjavíkurborg breytt. ÓMH tekur undir að hlusta verði á notendur sjálfa enda séu þeir sérfræðingar í eigin lífi. HS nefnir einnig aðstandendur sem því miður tali oft fyrir daufum eyrum.

GA segir nú talað um notendur og að mikilvægt sé að skilja á milli fólksins sjálfs og þeirra sjúkdóma eða áskorana sem það glímir við. Vissulega yfirsýggi sjúkdómar eða áskoranir þó algerlega tilveru margra.

6. Eðli og stærð húsnæðis

OMH segir horft til 40-60 m² vegna stofnframlaga. Ekki sé um að ræða tímabundin úrræði heldur heimili fólks til frambúðar. Borgin sé ekki með tímabundin úrræði og vilji veita notendum stuðning heima. Sé þörf á mikilli þjónustu vilji borgin setja upp búsetuklasa enda komi það betur út fjárhagslega og í starfsmannahaldi, s.s. við næturvaktir. Hins vegar þurfi að manna þessa þjónustu betur, fjölga stöðugildum og hækka menntunarstig.

7. Eðli þjónustu og menntun starfsfólks

GA ræðir mikilvægi notendánálgunar og að mennta notendur til að þjónusta. Nefnir námsleyfi og dæmi frá Noregi. Aðferðafræðin sé vel þekkt í meðhöndlun fólks með fíknivanda. Allir segja að það vanti sérfræðinga en Geðhjálpi segi að það jum að það þurfi að mennta notendurna. Hafa notendafulltrúa. Fólk sem séu sérfræðingar og með notendareynslu að auki. Þetta geti sparað stórfé og haft jákvæð áhrif, t.d. á fordóma í þjónustu við fólk. GA nefnir námsleiðir í þessa veru í Bergen og Osló í Noregi. Helst ætti að koma svona námi fyrir á háskólastigi hérlandis – sem ákveðnum grunni sem fólk gæti svo t.d. byggt annað heilbrigðisnám ofan á.

Rætt um námsmöguleika og fyrirkomulag.

8. Staðsetning húsnæðis í borginni

HS spyr hvar Geðhjálpi sjái fyrir sér æskilegustu staðsetningar. GA segir notendur mjög fjölbreyttan hóp með ólíkar þarfir og óskir og því mikilvægt að húsnæði sé fjölbreytt – og staðsett í öllum hverfum: „Við myndum ekki búa til gettó ef það væri einhver skynsemi í okkur. Ekki heldur broddborgaragetó.“ Hann segir félagið hafna einsleitri nálgun á lífið. Fólk vilji hafa val, t.d. um að búa með öðru fólk. Þetta sé ekki þannig í dag og samfélagið flytji fólk með geðrænan vanda hreppaflutningum. ÓMH nefnir að fólk hafi verið boðið upp á flutning til að koma betur til móts við þarfir og óskir.

9. Samantekt umræðu

ÓMH dregur saman það helsta í máli GA: samráð við fólk frá byrjun, hlustun, minni kostnað notenda (lóðagjöld), notendamiðaðan stuðning. Hún spyr hvort GA vilji nefna fleira. GA nefnir ný módel og að skoða þurfi margar nýjar leiðir. Nefnir dæmi frá Árósum. Ítrekar háan húsnæðiskostnað sem verði að lækka. HS bendir á að dæmi sé um að kostnaður við íbúðir lækki ekkert þótt sveitarfélögin gefi afslátt af lóðaverði. Rætt um markaðinn og getu hans, eða vangetu, til jöfnunar. GA segir þörf á meiri félagslegri hugsun.



RMV mætir til fundar kl. 10.35.

10. Fjöldi íbúa í búsetukjörnum

ÓMH segir reglugerð tala um 7. Reykjavíkurborg miði við 6 en Þroskahjálp við 5. Hún spyr um afstöðu Geðhjálpar.

GA segir betra að hafa færri íbúa. Þarfirnar séu svo ólíkar. Þetta snúist líka um val, einnig um val á starfsfólki, enda passi ekki allt starfsfólk öllum notendum. Þjónustan sé of ósveigjanleg og ætti að vera þannig að fólk hefði kaupmátt til að geta sagt til um hvernig þjónustu það vildi.

GÖJ spyr um mikilvægi sértækra úrræða.

GA segir að ekki geti öll búið í fjölbýli en það eigi líka við um svokallað "normal" fólk. Þarfirnar séu svo ólíkar og því þurfi fjölbreytni. Nefnir Félagsbústaði og að það hvernig íbúar íbúar veljist í nábyli við hvern annan sé svo mikilli tilviljun háð. Sérstaklega þegar um sé að ræða 2-4 íbúðir. Þetta sé bara heppni og fólk geti aldrei verið visst um nágranna.

ÓSV mætir til fundar kl. 10.41.

11. Framhald umræðu um dreifingu húsnæðis um borgina

HS spyr um búsetukjarna, í hvernig húsnæði þeir geti verið og hvar í borginni. Spyr um hvort nálægð við aðra kjarna skipti máli, t.d. hvort þeir megi vera í sömu götu, sama hverfi o.s.frv.

GA segir að dreifa þurfi húsnæðinu um allt. Líka á Arnarnes.

RMV segir það líka stefnu borgarinnar, að dreifa sem víðast.

ÓSV ræðir nauðsyn kortlagningar til að sjá stöðuna.

GA segist hrifinn af stefnu Reykjavíkur um þjónustu í hverfum og áherslu á almenningssamgöngur þar sem notendur hjá Geðhjálp séu einmitt oft ekki á bíl.

Rætt um staðsetningar út frá borgarlínu o.fl.

GÖJ segir kjarnana heldur of nálægt hverjum öðrum í Breiðholti. Nefnir Jöklasel og Rangársel sem séu mjög þjónustupungir kjarnar.

RMV segir nauðsynlegt að púsla þessu saman í fjölbreytta mynd.

GA segir mikilvægt í þessu að hlusta á óskir og þarfi notenda.

12. Nálganir í Danmörku

Rætt um nálganir í Danmörku og afturhvarf til stofnanavæðingar sem m.a. hafi leitt til áminningar frá Sameinuðu þjóðunum. Fundarfólk er sammála um að þetta verði að forðast hérlandis.

13. Notendafulltrúar í starfsmannahópi

GA segir þetta mikilvægt. ÓMH og RMV taka undir mikilvægi þess að notendur taki þátt í hönnun húsnæðisins. ÓMH nefnir að þetta hafi verið reynt á öðrum sviðum, reyndar með aðstandendum. GÖJ segist telja þetta mjög skynsamlegt.

GA segir þessa stefnu leiða til minni árekstra og átaka milli aðila.

GÖJ segir hægt að draga mikinn lærdóm af slíku fyrirkomulagi.

ÓMH segir mögulegt að búa til átaksverkefni um að fara þessa leið.



Reykjavíkurborg

GA bendir á að þetta hafi verið gert við útfærslu fjárhagsaðstoðar, skv. einhverskonar lean hugmyndafræði. Það hafi sýnt sig að eftir því sem undirbúningurinn sé betri verði betri verði árekstrarnir færri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.52.
Hilmar Hildar Magnúsarson ritaði fundargerð.



FUNDARGERÐ

Nefnd/hópur:	Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk
Fundur nr:	7
Efni fundar:	Framvinda verkefnis, upplýsingar og persónuvernd, hönnun og skilgreining húsnæðis (að loknum fundi með fulltrúa Geðhjálpar)
Viðstödd:	Ólafía Magnea Hinriksdóttir, deildarstjóri (VEL), formaður, Ricardo Mario Villalobos, deildarstjóri (VEL), Grétar Örn Jóhannsson, Félagsbústöðum, Hrafnhildur Sverrisdóttir, skipulagsfulltrúa (USK), Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri (USK), Hilmar Hildar Magnúsarson verkefnastjóri (SBB).
Fundardagur:	Fimmtudagur 5. maí 2022
Tími:	10:53
Fundarstaður:	Stekkur á Höfðatorgi og fjarfundur með Teams

Þetta var gert:

1. Framvinda verkefnis og næstu skref

Ákveðið að bíða með greinargerð þar til búið er að funda með Þroskahjálp. Áætlaður fundur í dag, fimmtudaginn 5. maí 2022, afboðaður. Næsti fundur þegar boðaður nk. mánudag, 9. maí 2022.

2. Almenn um búsetu fatlaðs fólks.

Rætt um búsetu fatlaðs fólks í hverfum borgarinnar, m.a. út frá sambýli við nágranna. Rætt um hvort borginni beri að upplýsa t.d. nágranna um tilveru búsetukjarna í hverfum, m.a. í ljósi þess að um starfsstöðvar sé einnig að ræða, eða hvort slíkar upplýsingar séu einkamál notenda og varði persónuvernd.

HHM leggur til að hópurinn leiti álits persónuverndarfulltrúa borgarinnar vegna þessa.

Ákveðið að HS leiti eftir áliti lögfræðinga USK og HHM leiti eftir áliti Dagbjartar Hákonardóttur persónuverndarfulltrúa vegna þessa.

3. Hönnun húsnæðis og skilgreining

Rætt um hönnun húsnæðis, notkunarflokka, hönnunarforsendur og rekstur. Einnig rætt um rekstarleyfi, heilbrigðis- og vinnueftirlit. Hvort staðsetning sé heimil í öllum hverfum skv. skipulagi og hvernig húsnæðið sé skilgreint.

GÖJ segir nauðsynlegt að skilgreina húsnæðið í kerfinu en það hafi mætt afgangi hingað til.

HS segir að einfaldlega sé um íbúðarhúsnæði að ræða.

GÖJ segir að betri skilgreiningu þurfi til enda einnig um að ræða aðstöðu fyrir starfsfólk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.12.
Hilmar Hildar Magnúsarson ritaði fundargerð.



FUNDARGERÐ

Nefnd/hópur:	Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk
Fundur nr:	8
Efni fundar:	Lóðir, framvinda verkefnis og skil, persónuvernd, samráð með fulltrúum Þroskahjálpar, og næstu skref
Viðstödd:	Ólafía Magnea Hinriksdóttir, deildarstjóri (VEL), formaður, Ricardo Mario Villalobos, deildarstjóri (VEL), Grétar Örn Jóhannsson, Félagsbústöðum, Hrafnhildur Sverrisdóttir, skipulagsfulltrúa (USK), Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri (USK), Hilmar Hildar Magnúsarson verkefnastjóri (SBB).
Fundardagur:	Mánudagur 9. maí 2022
Tími:	15:10
Fundarstaður:	Fjarfundur með Teams

Þetta var gert:

1. Lóðir

Almennt er rætt um lóðir sem hægt væri að nýta undir uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk. Rætt um tölvupóst frá Ívari Erni Ívarssyni frá sl. föstudegi um viljayfirlýsingar og úthlutanir v. þessarar uppbyggingar. Hópurinn telur einhvern misskilning á ferðinni um að í viljayfirlýsingu síðustu viku sé tekið á uppbyggingu íbúðakjarna fyrir fatlað fólk. Rætt um að mikilvægt sé að hafa samráðsfund(i) um þetta milli VEL, USK og SBB þannig að öll séu á sömu blaðsíðu í þessum málum, t.d. er varðar hlutverk aðila. Ákveðið að ávarpa slíkt í greinargerð hópsins, að leggja til að samráð verði viðhaft þarna á milli og að HHM geti mögulega komið slíkum fundum á fljótlega.

GÖJ bendir á að lóðir verði að vera byggingarhæfar, því það varði m.a. áætlanir verktaka. Hann nefnir tafir, skaðabótaskyldu o.s.frv. og segir mikilvægt að allt geti gengið upp í þessum eignum. Tímalínur verði að vera á hreinu – og væntingar raunhæfar. HHM upplýsti að samráð væri viðhaft milli SBB og USK um byggingarhæfi lóða og deiliskipulag og að næsti fundur væri fyrirhugaður nú í maímánuði. Þar ætti að skýrast frekar sú mynd sem fólk hefði almennt af sambandi lóðaúthlutunar og byggingarhæfi lóða.

2. Framvinda verkefnis og skil

Rætt um að ný borgarstjórn komi saman á bilinu 30. maí til 7. júní og að nefndir og ráð haldi umboði sínu til 30. maí. Starfshópurinn skili af sér fyrir 30. maí.

GÖJ yfirgefur fundinn kl. 15.30

3. Persónuvernd

Framhald umræðu frá síðasta fundi. HHM segist munu senda persónuverndarfulltrúa erindi þessa efnis í dag.



4. Samráðsfundur með Þroskahjálpar

Rætt um fyrirhugaðan fund með fulltrúum Þroskahjálpar á morgun. ÓMH segir biðlista hafa styst er varða notendur hjá Þroskahjálpar en lengst hjá notendum Geðhjálpar. Þjónustuflokkur 3 sé þyngstur þegar rætt sé um notendur hjá Þroskahjálpar. Það vanti meira húsnæði í flokki 3 og þurfi að viðhalda framboði í flokki 2. Nokkar týpur komi til greina. Þá er rætt um kostnað, t.a.m. vegna aukinna krafna um mönnun næturvakta. Rætt um stöðugildi og mönnun en umfangið er mjög mismunandi eftir því hversu mikið íbúar eru heimavið. Fram kemur að í 6 íbúða kjarna séu a.m.k. 5 manns á vakt allan daginn um helgar.

Soffía mætir til fundar kl. 15.45 en hún forfallast á þessum tíma v. árekstra við aðrar skyldur.

5. Næstu skref

Ákveðið að funda næst mánudaginn 16. maí og að það verði lokafundur hópsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50.
Hilmar Hildar Magnúsarson ritaði fundargerð.



FUNDARGERÐ

Nefnd/hópur:	Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk
Fundur nr:	9
Efni fundar:	Samráð við fulltrúa Þroskahjálpar
Viðstödd:	Unnur Helga Óttarsdóttir formaður Þroskahjálpar, Árni Múli Jónasson framkvæmdastjóri Þroskahjálpar, Ólafía Magnea Hinriksdóttir, deildarstjóri (VEL), formaður, Ricardo Mario Villalobos, deildarstjóri (VEL), Grétar Örn Jóhannsson, Félagsbústöðum, Hrafnhildur Sverrisdóttir, skipulagsfulltrúa (USK).
Fundardagur:	Þriðjudagur 10. maí 2022
Tími:	09:30
Fundarstaður:	Fundarherbergið Stekkur, Höfðatorgi

Þetta var gert:

1. Kynning

ÓMH fer yfir verkefnið og upplýsir Þroskahjálpar um stöðu þess og biðlista. Ræðir fimm tegundir húsnæðis fyrir fatlað fólk: Húsnæði með stuðningi og íbúðakjarna (þjónustuflokkar I-IV).

2. Áherslur Þroskahjálpar

Rætt er um eftirfarandi punkta í áherslum Þroskahjálpar:

- Biðlistar og forgangsroðun sem þurfi að vera í samhengi við réttindi og jafnræði, m.t.t. þroska og geðs.
- Langvarandi þjónustuskyldur á aðstandendur sem valdi miklu álagi á fjölskyldur sem lögum skv. eigi ekki að þurfa að hafa slíkar áhyggjur.
- Mannréttindi, bann við kynbundinni mismunun (álag á konur).
- Rétt forgangsroðun fjár.

Rætt er um að velferðarsvið hafi breytt tveimur þjónustukjörnum í kjarna sem kemur til móts við þarfir fólks í notendahópi Þroskahjálpar.

3. Tillögur starfshópsins

ÓMH fer yfir tillögur starfshópsins varðandi fjölda kjarna og færánleg teymi ásamt því að bjóða íbúum á herbergjasambýlum annars konar búsetu.

UHÓ/ÁMJ ræða biðlista og að passa þurfi upp á þá einstaklinga sem hafi minna bakland og séu í veikari efnahagslegri og félagslegri. Þau benda á frumkvæðisskyldu sveitarfélaga og ræða um jafnræði. Telja stjórnsýsluna þurfa að standa sig betur, m.t.t. réttar til heimilis og einkalífs og einstaklinga sem þurfa stuðning til að fá þjónustu.

UHÓ/ÁMJ segja að öll eigi að geta fengið NPA þjónustu, ekki bara þau sem hafi gott bakland.



4. Gerð og stærð húsnæðis, gæði og búsetufyrirkomulag

UHÓ/ÁMJ leggja áherslu á að einingar séu ekki of stórar. Félagið hafi miðað við fimm einstaklinga og að reynt sé að draga úr aðgreiningu. Fólk eigi að fá þjónustu þar sem það vilji búa. Byggja verði fyrir þarfir fólksins og gera það án aðgreiningar.

HS ræðir mismunandi húsnæði út frá fötlun viðkomandi.

UHÓ/ÁMJ nefna sérinngang og lítið sameiginlegt rými (sbr. Árland). Innganga sem geti verið sér.

Rætt er um að velferðarsvið hafi lagt áherslu á 2ja herbergja íbúðir en ekki stúdíó – yfir 40 m². Það þurfi að huga að plássu fyrir starfsfólk.

UHÓ/ÁMJ vitna í samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fatlað fólk sé ekki frávik og gera þurfi ráð fyrir því í samfélaginu, án aðgreiningar. Fatlað fólk sé alls staðar og eigi jafnan rétt og þetta sé mjög mikilvægt varðandi húsnæði. Rætt er um að einstaklingurinn geti valið hvar hann búi.

Rætt er um pör og möguleika á að búa saman.

UHÓ/ÁMJ segja að fatlað fólk þurfi/eigi að geta búið við góðar aðstæður. Vegna fötlunar sinnar sé það meira heima við en nokkur annar. Þá sé mikilvægt að hafa gott aðgengi að þjónustu og samgönguleiðum og að þurfa ekki að vera háð ferðaþjónustunni.

Fram kemur að velferðarsvið leggi áherslu á að gönguleiðir og umhverfi sé gott. Rætt um matarinnkaup fatlaðs fólks á netinu.

Rætt er um gæludýr fatlaðs fólks.

5. Hönnun húsnæðis og þarfir íbúa

Rætt er um að notendur geti t.d. fengið veggj málaða eftir eigin óskum. Fram kemur að í Brekknaási hafi verið haft samráð við talsmenn einstaklinganna við hönnunina.

6. Biðlistar og endurskoðuð húsnæðisáætlun

Rætt er um úthlutun og biðlista og notendur geti fengið að vita hvenær þeim verði úthlutað.

Fulltrúar velferðarsviðs segja sviðið ekki úthluta í herbergjasambýlum og vilji bjóða aðra valkosti.

Fulltrúar velferðarsviðs nefna að dæmi séu um að einstaklingar komi inn sem ekki hafi verið í þjónustu. Frumkvæðisskylda sveitarfélaga lúti að því að finna þessa einstaklinga og veita þeim þjónustu.

Fulltrúar velferðarsviðs upplýsa að gert verði ráð fyrir að unnt verði að endurskoða áætlunina út frá breytingum á biðlistum.

Umræða um að einstaklingar sækji ekki um (séu í heimahúsi).

Fulltrúar Þroskahjálpar ræða rýmisþörf og leggja áherslu á að það þurfi að vera gott pláss fyrir íbúana.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.30

Ricardo Mario Villalobos og Hilmar Hildar Magnúsarson rituðu fundargerð.



FUNDARGERÐ

Nefnd/hópur:	Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk
Fundur nr:	10
Efni fundar:	Lok verkefnis, tímamörk og samráð og skil á gögnum í borgarráð
Viðstödd:	Ólafía Magnea Hinriksdóttir, deildarstjóri (VEL), formaður, Grétar Örn Jóhannsson, Félagsbústöðum, Hrafnhildur Sverrisdóttir, skipulagsfulltrúa (USK), Ósk Soffía Valtýsdóttir deildarstjóri (USK).
Fundardagur:	Mánudagur 16. maí 2022
Tími:	15:10
Fundarstaður:	Fjarfundur með Teams

Þetta var gert:

1. Lok verkefnis, tímamörk og samráð

ÓMH fer yfir verkefnið og ræðir skil hópsins. Nefnir að skil séu seinna á ferðinni en stefnt var og að það helgist m.a. af tímasetningum samráðsfunda með hagsmunafélögum. Mikilvægt sé að náðst hafi nauðsynlegt samráð við Geðhjálp og Þroskahjálp.

2. Skil á gögnum í borgarráð

Rætt er um að hópurinn skili af sér á næsta fundi borgarráðs og leggi fram eftirfarandi gögn:

- Fylgibréf (svuntubréf) borgarstjóra með tillögu og stuttri greinargerð um starf hópsins
- Erindisbréf starfshópsins
- Skýrslu hópsins með endurskoðun áætlunar og tillögum
- Kynning á starfi hópsins fyrir borgarráð
- Fundargerðir hópsins – 10 talsins

HHM fer af fundi til að afla upplýsinga um næsta fund borgarráðs og kemur aftur með þær upplýsingar að fundurinn verði miðvikudaginn 25. maí nk. og skila þurfi gögnum fyrir kl. 10.00 nk. föstudag.

Ákveðið að:

- HHM komi málinu á dagskrá borgarráðs
- ÓMH/HHM geri fylgibréf í sameiningu
- HHM setji upp skýrslu og lesi yfir
- ÓMH geri kynningu fyrir borgarráð og sendi á hópinn
- HHM tilkynni að ÓMH sé tilbúinn til að kynna verkefni hópsins sé þess óskað
- HHM komi gögnunum fyrir undirbúningsfund og sendi hópnum afrit

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50

Hilmar Hildar Magnúsarson rituðu fundargerð.

Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Endurskoðuð uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk – umsögn FAS

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögur starfshóps borgarstjóra um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk. Með tillögunum fylgir kostnaðarmat og greinargerð.

1. Áætluð uppbygging búsetuúrræða og þarfagreining

Frá því að málaflokkur fatlaðra var fluttur yfir til sveitarfélaga árið 2011 hefur íbúðum fyrir fatlað fólk fjölgað úr 219 í 489 eða um 270. Árið 2012 hófst uppbygging borgarinnar með kaupum á 32 íbúðum fyrir geðfatlaða. Fyrsta uppbyggingaráætlun borgarinnar var síðan samþykkt árið 2014 og var á tímabilinu 2014 til 2017 alls um 89 einstaklingum útvegað sérstækt húsnæði eða íbúðir með stuðningi. Árið 2017 var samþykkt *uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða 2018-2030* og er sú áætlun enn í gildi. Um áfangaskipta áætlun er að ræða þar sem áfangi I var tímasettur árin 2018-2020, áfangi II er tímasettur árin 2021-2025 og áfangi III árin 2026-2030.

Uppbyggingaráætlunin 2018-2030 hefur gengið mun hraðar fyrir sig en áætlað var, en búið er að er að úthluta 133 íbúðum af 157-183 íbúðum. Einungis á eftir að úthluta tveimur íbúðakjörnum með 12 íbúðum í áfanga II og einum íbúðakjarna með 6 íbúðum í áfanga III. Þá á eftir að úthluta 7-31 íbúð í húsnæði með stuðningi.

Staða núverandi uppbyggingaráætlunar - fjöldi íbúða	2022-2023	2024	2025	2026	2027	2028	Heild
Núverandi uppbyggingaráætlun - Íbúðakjarnar	12				6		18
Núverandi uppbyggingaráætlun - Húsnæði m. stuðningi							7-31
Núverandi uppbyggingaráætlun - alls	12				6		25-49

Í apríl 2022 voru 136 einstaklingar á bið eftir húsnæði og er það mat starfshópsins að byggja þurfi upp íbúðakjarna með íbúðum fyrir 114 einstaklinga til að mæta þeirri þörf til viðbótar við þá kjarna sem eru í undirbúningi skv. núgildandi uppbyggingaráætlun. Í fyrirliggjandi tillögu starfshópsins er lagt til að íbúðakjörnum verði fjölgað um 11 með 66 íbúðum til að mæta biðlistum og 6 íbúðakjarnar teknir í notkun fyrir boð um annars konar búsetu. Þá er til viðbótar gert ráð fyrir að 3 íbúðarkjarnar verði í eign þriðja aðila. Að auki er gert ráð fyrir tveimur færanlegum húsnæðisteymum sem veita eiga 48 einstaklingum stuðning. Eftirfarandi tafla sýnir endurskoðaða uppbyggingaráætlun eftir árum:

Tillaga að endurskoðaðri áætlun - fjöldi íbúða	2023	2024	2025	2026	2027	2028	Heild
Íbúðakjarnar	12	6	30	24	36	12	120
Færanleg teymi	12	12	12	12			48
Samtals	24	18	42	36	36		168

2. Kostnaðarmat

Framkvæmdakostnaður og stofnframlög

Í skýrslu starfshópsins er ekki lagt mat á framkvæmdakostnað eða kostnað vegna kaupa á húsnæði en gert er ráð fyrir að Félagsbústaðir annist fjármögnun og framkvæmd verkefnisins. Vakin er athygli á því að Félagsbústaðir áætla að fjármagna uppbygginguna að hluta til með stofnframlögum frá ríki og borg og að hluta með lánsfé. Hluttur ríkis er 22% af metnum stofnkostnaði og hluttur borgarsjóðs 12%. Samkvæmt mati fjármála- og áhættustýringarsviðs má gróflega áætla að hluttur Reykjavíkurborgar í gegnum stofnframlög geti numið á bilinu 800-1.100 m.kr.

Rekstrarkostnaður

Samkvæmt frumkostnaðarmati starfshópsins er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður (án stofnkostnaðar) vegna endurskoðaðrar uppbyggingaráætlunar geti numið allt að 3.583 m.kr. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig rekstrarkostnaðurinn fellur til tímabilið 2022-2028. Kostnaðarmatið miðast við stöðugildapörf fyrir hvert úrræði og endurspeglar tala hvers árs uppsafnaðan viðbótarkostnað.

Rekstrarkostnaður uppsafnaður	2023	2024	2025	2026	2027	2028
Íbúðakjarnar	240	389	1.167	1.407	2.425	2.574
Færanleg teymi	186	342	494	647	647	647
Uppbygging vegna boðs um annars konar búsetu			39	252	332	362
Samtals uppsafnaður rekstrarkostnaður	426	731	1.700	2.306	3.404	3.583

Vakin er athygli á athygli að í kostnaðarmatinu er ekki meðtalinn einskiptis stofnkostnaður sem áætlaður er 105 m.kr. í heildina.

Því má gera ráð fyrir að heildarkostnaður vegna allra úrræða sem eftir á að opna geti numið um 3,7 ma.kr.

Gera má ráð fyrir því að einstaklingar í sértæku húsnæði eigi rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi en ekki er gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna þessa í kostnaðarmatinu.

3. Umsögn FAS

Fjármála- og áhættustýringarsvið tekur undir mikilvægi þess að mótuð sé stefna og áætlun um að takast á við biðlista fatlaðs fólks um úrræði í húsnæðismálum og niðurlagningu herbergjasambýla. Reykjavíkurborg hefur verið leiðandi við uppbyggingu húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk á síðustu árum og staðið ötullega að því að vinna á uppsafnaðri þörf sem ljóst er að var mikil við yfirtöku sveitarfélaganna á málafloknum frá ríkinu árið 2011. Í skýrslu starfshóps borgarstjóra kemur fram að þegar Reykjavíkurborg tók við málafloknum voru 50 einstaklingar á biðlista eftir húsnæðisúrræði. Eftir að uppbygging borgarinnar hófst fjölgaði hratt í þeim hópi og þrátt fyrir að 270 einstaklingar hafi þegar fengið húsnæðisúrræði við hæfi



Þegar saman er tekið frá yfirtöku málaflokksins er uppbyggingarþörfin ennþá mikil eða um 168 íbúðir.

Málaflokkur fatlaðs fólks er fjármagnaður með útsvarstekjum sem nema 1,24% auk 0,235% ríkisframlags. Þar af renna auk ríkisframlagsins 0,99% í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem dreifir fjármagninu í samræmi við þjónustuparfir skv. SIS mati. Það sem eftir stendur eða 0,25% rennur beint til sveitarfélagsins til ráðstöfunar í málaflokkinn. Með nýjum lögum nr. 38/2018 hafa réttindi fatlaðs fólks verið fest í sessi með afgerandi hætti og er það ótvíræð skylda sveitarfélaganna að bjóða fötluðu fólki úrræði og þjónustu við hæfi. Hjálgð tillaga starfshóps borgarstjóra gerir ráð fyrir því að leysa þessar þarfir á næstu fjórum árum eða fyrir árslok 2028.

Þrátt fyrir skýra fjármögnun eins og að ofan er lýst hefur það ekki dugað til og hafa sveitarfélögunum um árabíl verið að glíma við halla af rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Hallinn hefur farið stöðugt vaxandi, sérstaklega í kjölfar samþykktar á lögum nr. 38/2018 en þau voru nær alfarið ókostnaðarmetin þrátt fyrir sterkar viðvaranir Reykjavíkurborgar til Alþingis um mikinn kostnaðarauka við samþykkt þeirra og innleiðingu. Halli Reykjavíkurborgar af málaflökknum hefur mikil áhrif á rekstur borgarinnar en útgjöld árið 2021 námu um 7,1 ma.kr. umfram tekjur og jókst hallinn um 1,3 ma.kr. frá árinu 2020 sem var þá 5,8 ma.kr. Nýleg skýrsla starfshóps á vegum félagsmálaráðherra hefur staðfest þessa stöðu og var samanlagður halli sveitarfélaganna á landsvísu árið 2020 um 9-10 ma.kr. Auk þess er niðurstaða starfshóps ráðherra að hallinn geti aukist um helming á komandi árum vegna fyrirliggjandi lausna á biðlistum og niðurlagningu herbergjasambýla á landsvísu sem áætlað er að kalli á allt að 10 ma.kr. viðbótarkostnað á ársgrundvelli. Hér er um mikinn útgjaldaauka að ræða sem er alfarið ófjármagnaður og ljóst er að sveitarfélögin geta ekki bætt á sig án þess að viðbótarfjármagn komi til. Ráðherra hefur nú í kjölfar niðurstöðu skýrslu starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk skipað nýjan starfshóp fulltrúa ríkis og sveitarfélaga sem skal leggja fram tillögur að kostnaðarskiptingu og úrlausn þess fjárhagslega vanda sem blasir við sveitarfélögunum, með það að markmiði að uppfylla ákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk.

Niðurstaða

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt forsendur uppbyggingaráætlunarinnar og gerir ekki athugasemdir við útreikninga eða aðferðarfræði.

Árlegur kostnaðarauki hjálagðrar tillögu um uppbyggingu húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg er áætlaður allt að 3,6 ma.kr. þegar hún er að fullu komin til framkvæmda. Á það er bent að sveitarstjórnarlög gera ríkar kröfur til sveitarfélaga um jafnvægi í rekstri og fulla fjármögnun á viðbótarútgjöldum. Þau viðbótarútgjöld sem hér eru kynnt rúmast ekki innan rekstrar Reykjavíkurborgar nema til komi viðbótarfjármagn eða með endurskoðun á öðrum útgjöldum. Fyrirhugað samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fulla fjármögnun á málaflökknum til lengri tíma litið er því afar þýðingarmikið til að áætlunin gangi eftir með þeim hætti sem lagt er upp með.



MSS22030145
Reykjavík, 9. ágúst 2022

Þá er á það bent að tillaga starfshóps borgarstjóra gerir ráð fyrir að uppbyggingu verði lokið á 6 árum eða fyrir lok ársins 2028. Í því sambandi er vakin athygli á því að starfshópur félagsmálaráðherra leggur til að niðurlagningu herbergjasambýla verði lokið á 5 árum og biðlistum eytt á allt að 7 árum. Í rammasamningi ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum, dags. 12. júlí 2022, er lögð áhersla á sérstakt átak til að eyða biðlistum eftir sérstækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk og er vísað til tillögu í skýrslu starfshópsins í því sambandi.

Fyrir liggur að fjármálastefna Reykjavíkurborgar verður endurskoðuð í haust og lögð fram samhliða fjárhags- og fimm ára áætlun. Mikilvægt er að uppbyggingaráætlun húsnæðisúrræða rúmist innan stefnunnar og uppbygging úrræða taki mið af svigrúmi fjármálastefnu og tímasett í samræmi við hana.

Fjármála- og áhættustýringarsvið mælir með því að uppbyggingaráætlun búsetuúrræða verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar og framvinda hennar endurskoðuð árlega með hliðsjón af framgangi verkefna, stöðu biðlista og fyrirhugaðs samkomulags ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun á málaflokknum til lengri tíma litið.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs